

NORÐURLÖND – sjálfbært og sambætt svæði?

Áfangaskýrsla vegna vinnunnar
við Framtíðarsýn okkar 2030

2023

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangsorð	4
Staðan fyrir Framtíðarsýn okkar 2030	10
Græn Norðurlönd	15
Samkeppnishæf Norðurlönd	28
Félagslega sjálfbær Norðurlönd	41
Aðferð	54
Fylgiskjal 1 – Norrænir þróunarvísar fyrir Framtíðarsýn okkar 2030 (Norræna ráðherranefndin)	60
Fylgiskjal 2 – Viðmiðunarmörk	64
Fylgiskjal 3 – Staða í grunnmælingu og leitni	70
Um ritið	73

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu: <https://pub.norden.org/politiknord2023-727>

Formáli

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Svo hljóðar framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna fyrir Norðurlandasamstarfið sem jafnframt er leiðarljós mitt í starfi mínu sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. En hvernig stöndum við núna þegar kemur að sjálfbærni og samþættingu á Norðurlöndum?

Þessi áfangaskýrsla sýnir að Norðurlönd eru vel á veg komin þótt enn sé nokkuð í land. Skýrslan fylgir eftir grunnskýrslunni sem unnin var árið 2021. Hún er byggð á þeim þróunarvísum sem samstarfsráðherrarnir samþykktu í september 2020.

Norræna ráðherranefndin mun nýta skýrsluna sem grundvöll fyrir frekari vinnu á tímabilinu 2025–2030 með það fyrir augum að verk okkar stuðli sem mest að því að framtíðarsýn forsætisráðherranna verði að veruleika.

Best miðar okkur í átt til samkeppnishæfra og félagslega sjálfbærra Norðurlanda en við eigum lengra í land þegar kemur að grænum Norðurlöndum.

Fyrst og fremst liggur vandi Norðurlanda í ósjálfbærri neyslu og framleiðslu sem hefur neikvæð áhrif á loftslagið og leiðir til hnignunar líffræðilegrar fjölbreytni. Það er því verk að vinna fyrir norrænu löndin og norrænt samstarf.

Við höfum nú sex ár til stefnu til að ná þeim háleitu markmiðum sem framtíðarsýnin felur í sér fyrir árið 2030. Með öðrum orðum megum við engan tíma missa.

Karen Ellemann

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar



Karen Ellemann

Mynd: Mathilde Schmidt/
norden.org



Mynd: Common Ground Media & Norden.org

Inngangsorð

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu árið 2019 nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf. *Framtíðarsýn okkar 2030* er að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030¹ (mynd 1). Norræna ráðherranefndin leggur sitt af mörkum til að uppfylla þessa framtíðarsýn með þremur stefnumarkandi áherslusviðum: Grænum Norðurlöndum, samkeppnishæfum Norðurlöndum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Markið er sett hátt og þess vegna er mikilvægt að fylgjast náið með framvindunni til að alltaf liggi ljóst fyrir hvernig okkur miðar. Til að fylgjast með gangi mála styðst Norræna ráðherranefndin við norræna þróunarvísa fyrir framtíðarsýnina.

Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu þróunarvísana í september 2021. Þeir eru alls 45 og tengjast hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum framtíðarsýnarinnar. Fyrir hvert áherslusvið eru skilgreind fimm meginmarkmið og þrír vísar tengjast hverju markmiði. Skýr tengsl eru milli norrænu þróunarvísanna og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030.

Árið 2020 leitaði Norræna ráðherranefndin til Rambøll Management og óskaði eftir [grunnskýrslu um Framtíðarsýn okkar 2030](#) auk nánari upplýsinga um stöðu mála með þessari áfangaskýrslu árið 2023.

Tilgangurinn með áfangaskýrslu vegna vinnunnar við Framtíðarsýn okkar 2030

Tilgangurinn með þessari áfangaskýrslu er að leggja á það mat hvar Norðurlönd eru á vegi stödd í tengslum við framtíðarsýnina um að verða

1. Yfirlýsingu forsætisráðherranna um framtíðarsýnina má lesa hér: <https://www.norden.org/is/declaration/framtidasyn-okkar-2030>.

sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Skýrslan er byggð á norrænu þróunarvísunum 45 sem Norræna ráðherranefndin samþykkti 2021, ásamt þeirri aðferðafræði sem þróuð var til að nota við vinnslu grunnskýrslunnar.

Áfangaskýrslan tekur til norrænu ríkjanna allra sem einnar heildar og tölunnar sem birtar eru fyrir hvern vísi endurspegla þannig stöðu Norðurlanda *í heild*, án þess að nokkuð sé sagt um stöðu einstakra ríkja. Um er að ræða heildartölur sem eru vegnar eftir fólksfjölda í hverju landi. Nokkur munur er á stöðu norrænu ríkjanna að því er suma þróunarvísana varðar, en Framtíðarsýn okkar 2030 er framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf og því var ekki reynt að draga fram slíkan mun í grunnmælingunni. Hið sama á við um þessa áfangaskýrslu.



Mynd 1. Framtíðarsýn okkar 2030

Aðferðin sem notuð var við vinnslu áfangaskýrslunnar

Rambøll Management Consulting þróaði aðferðina sem notuð var við vinnslu þessarar áfangaskýrslu og er hún hin sama og notuð var við grunnmælinguna. Aðferðin er fyrst og fremst fólgin í matslíkani og stuðst er við alþjóðlega mælikvarða á sjálfbærni sem þróaðir hafa verið á vegum Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og Bertelsmann Stiftung í tengslum við heimsmarkmiðin. Matslíkaninu er lýst stuttlega hér á eftir og í lengra máli í 7. kafla.

Matslíkanið er reist á fjórum stöðum sem í sameiningu mynda grundvöll matsins á norrænu þróunarvísunum (rammi 1). Stöðirnar eru A: Ákvörðun

efri og neðri viðmiðunarmark, B: Kvörðun og stigagjöf með umferðarljósakerfi, C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs og D: Mat á mismun hópa og svæða. Efri og neðri viðmiðunarmörk (stöð A) eru fundin með aðstoð þrepalíkans í þeim tilgangi að afmarka tölulega stöðu Norðurlanda að því er varðar hvern þróunarvísi. Með öðrum orðum er ekki um að ræða pólitísk markmið sem Norðurlöndin hafa komið sér saman um.

Þessi áfangaskýrsla er fyrsti þátturinn í samanburðinum fram til ársins 2030. Því verður þróuninni frá grunnskýrslunni lýst þar sem við á. Við samanburð á niðurstöðum skýrslanna tveggja hvað varðar annars vegar *stöðu* og hins vegar *leitni* þarf þó að hafa ákveðna fyrirvara. Stöðumatið fyrir suma þróunarvísa í grunnskýrslunni byggðist á framreikningi á sögulegri þróun þar sem gögn fyrir grunnárið (2019) voru ekki til. Því kann staðan sem greint er frá í grunnskýrslunni að vera önnur en reyndin varð eftir útkomu skýrslunnar. Jafnframt er líkanið viðkvæmt fyrir hugsanlegum breytingum á viðmiðunarmörkum, sem einnig kann að hafa áhrif á niðurstöðuna og þar með samanburðargrundvöllinn.

Það þýðir ekki að ekki beri að taka mark á grunnskýrslunni. Öðru nær. Það sýnir að við höfum öðlast betri þekkingu og skilning á aðstæðunum frá síðustu skýrslu. Vísað er til kaflans um aðferð varðandi frekari skýringar.

Rammi 1: Fjórar stoðir matslíkans til að ákvarða stöðu varðandi Framtíðarsýn okkar 2030

A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarka: Til þess að gera grunnstöðu og framvindu að því er varðar hvern þróunarvísanna 45 mælanlegar eru ákvörðuð efri og neðri viðmiðunarmörk (sjá fylgiskjal 2). Í því skyni er notast við fjögurra þrepa líkan auk þess sem byggt er á þeim meginsjónarmiðum að mælingin eigi að vera vönduð og raunsæ og hafa þýðingu í norrænu samhengi. Þrepin fjögur sem notuð eru til að ákveða viðmiðunarmörkin eru þessi: 1) markmið Norðurlandanna hvers um sig (vegin eftir fólksfjölda), 2) heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eða önnur alþjóðleg markmið sem Norðurlönd hafa gengist undir, 3) besti árangur meðal aðildarríkja Evrópusambandsins eða OECD eða á Norðurlöndum og 4) tæknileg jaðarmörk kvarðans.

B: Kvörðun og stigagjöf með umferðarljósakerfi: Framsetning á stöðu mála hverju sinni og framgangi settra markmiða miðast við kvörðunar- og litaaðferðina sem notuð er í árlegri skýrslu um árangur ríkja við innleiðingu heimsmarkmiðanna, „SDG Development Report“ (SDR). Bilið milli efri og neðri viðmiðunarmarka er kvarðað frá 0–100 og stig síðan gefin á því bili að lokinni skiptingu þess í fjóra jafnstóra fjórðunga. Loks er „umferðarljósakerfi“ notað til að sýna grunnstöðu og leitni þróunarvísisins:

Staða: Grænt samsvarar stigagjöf frá 75,1–100, gult stigagjöf frá 50,1–75, rauðgult stigagjöf frá 25,1–50 og rautt stigagjöf frá 0–25.

Leitniörvar: Byggt er á einföldum framreikningi á leitni síðustu ára og því má aðeins líta á örvarnar sem lauslega vísbendingu um hvert stefnir. Græn ör merkir að vísirinn verður á græna svæðinu árið 2030 (75,1–100 stig), gul ör að samkvæmt framreikningi færist vísirinn upp á við (>0,5%) en ekki nægilega hratt til að komast á græna svæðið árið 2030, rauðgul ör að vísirinn stendur í stað (–0,5–0,5%) og rauð ör að þróunin er niður á við (>0,5%).

C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs: Komið er upp samanburðarviðmiði fyrir upphafsstöðu Norðurlandanna og framgang markmiða fyrir hvern þróunarvísi á grundvelli gagna um þau fimm OECD-ríki sem bestum árangri hafa náð og geta

talist sambærileg við Norðurlönd. Settur er saman hópur samanburðarríkja fyrir hvert áherslusviðanna þriggja. Hópurinn er uppfærður fyrir hverja mælingu þannig að samanburðarríkin passi sem best við stöðuna hverju sinni. Þess vegna er ekki endilega um sömu samanburðarríki að ræða í grunnskýrslunni og áfangaskýrslunum.

D: Mat á mismun hópa og svæða: Metinn er munur eftir kyni, aldri og/eða búsetu að því er varðar þróunarvísa sem slík gögn liggja fyrir um. Matið byggist á Theil-vísitölu auk þess sem notuð eru önnur töluleg gögn. Matið er eingöngu lýsandi.

Litir eru notaðir til að gefa niðurstöður stöðumatsins til kynna og örvar² sýna leitni þróunarvísanna. Merking litanna er sem hér segir:

Staða	Leitniörvar
 Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	 Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
 Enn eru ýmis óleyst úrlausnarefni	 Umbætur eru í meðallagi
 Enn eru umtalsverð úrlausnarefni óleyst	 Þróunin telst standa í stað
 Mikill fjöldi úrlausnarefna er enn óleystur	 Þróunin stefnir í ranga átt

Aðferðin var þróuð í tengslum við grunnmælinguna og sannreynd af sérfræðingahópi sem skipaður var sérstaklega vegna verkefnisins. Hópurinn var skipaður fulltrúum dönsku hagstofunnar (Danmarks Statistik), sænsku hagstofunnar (SCB), norsku hagstofunnar (Statistisk Sentralbyrå), umhverfisstofnunar Finnlands (SYKE), Oslo Centre for Interdisciplinary Environmental and Social Research (CIENS) og Norrænu stofnunarinnar um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio) auk sérfræðingahóps

2. Leitniörvarnar byggjast á einföldum framreikningi þróunar á ákveðnu tímabili án þess að tekið sé tillit til annarra þátta. Leitniörvarnar gefa því aðeins vísbendingu um hver áframhaldandi þróun gæti orðið.

Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun.

Verkefnið hefur einkum snúist um að leggja mat á stöðuna út frá þeirri aðferð sem þróuð var til að meta hvernig Norðurlöndum miðar í tengslum við Framtíðarsýn okkar 2030. Verkefnið náði ekki til þess að leita í aðrar greiningar eða rannsóknir í þeim tilgangi að skýra hvernig niðurstöðurnar voru fengnar eða leggja fram tilgátur um þær á grundvelli slíkrar þekkingar. Rétt eins og grunnmælingin er áfangaskýrslan því fyrst og fremst lýsing á því hvar Norðurlönd standa gagnvart markmiðum framtíðarsýnarinnar samkvæmt þróunarvísunum 45.

Skýrslan er byggð á nýjustu fáanlegum upplýsingum um hvern vísi um sig. Heimsfaraldur kórónuveiru virðist hafa haft sérstaklega mikil áhrif á nokkra vísanna. Í slíkum tilvikum eru gögn frá 2020 og/eða 2021 ekki höfð með við útreikning á leitni þróunarvísanna. Þar sem enn er ekki hægt að draga endanlegar ályktanir um áhrif COVID-19-faraldursins á ýmsa þætti er því ekki slegið föstu í skýrslunni að rekja megi hugsanlegt þróunarmynstur eingöngu til hans. Í nokkrum tilvikum er það nefnt í skýrslunni ef faraldurinn er talinn hafa haft áhrif á viðkomandi þróunarvísi, án þess að nokkuð sé staðhæft um slíkt.

Sérfræðingar frá ráðgjafastofunni Statisticon AB, sem sérhæfir sig í talnagögnum og vinnslu þeirra, uppfærðu gögnin sem skýrslan er byggð á. Rambøll Management Consulting greindi gögnin með það fyrir augum að vinna áfangaskýrsluna í samráði við Statisticon og Norrænu ráðherranefndina varðandi hugsanleg aðferðafræðileg álitaefni.

Leiðarvísir í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við Framtíðarsýn okkar 2030

Áfangaskýrslan verður notuð sem leiðarvísir í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við Framtíðarsýn okkar 2030 á tímabilinu 2025–2030. Skýrslan veitir mikilvæga þekkingu sem getur auðveldað Norrænu ráðherranefndinni að ýta undir æskilega þróun, takast á við erfið úrlausnarefni og vinna gegn öfugþróun.

Taka ber skýrt fram að fjölmargir þættir hafa áhrif á það hvernig Norðurlöndum gengur að gera framtíðarsýnina að veruleika og skiptir þar ekki minnstu máli framlag Norrænu ráðherranefndarinnar, ríkisstjórna Norðurlanda og annarra aðila víðs vegar um Norðurlönd, auk almennrar þróunar á heimsvísu. Þessi skýrsla er því ekki mat á vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við að gera framtíðarsýnina að veruleika, heldur á stöðu Norðurlanda gagnvart því verkefni á þessari stundu. Þetta stöðumat getur nýst Norrænu ráðherranefndinni við ákvarðanatöku í tengslum við áherslur og verkefni í þeirri vinnu sem fram undan er.



Mynd: Common Ground Media & Norden.org

Staðan fyrir Framtíðarsýn okkar 2030


Almennt stöðumat eftir áherslusviðunum þremur

Áfangaskýrslan árið 2023 ber almennt vott um að Norðurlönd séu á réttri leið á þeirri vegferð sinni að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Einkum á það við um þann hluta framtíðarsýnarinnar sem lýtur að samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum en lengra er í land áður en framtíðarsýn okkar um græn Norðurlönd verður að veruleika.

Á mynd 2 má sjá yfirlit um niðurstöður áfangaskýrslunnar eftir áfangasviðunum þremur ásamt yfirlitsmynd fyrir þróunarvísana 45 lengst til hægri. Litirnir endurspeгла stöðumatið eftir þróunarvísunum og er nánar lýst að neðan. Leitni þróunarvísanna kemur ekki fram á myndinni en fjallað er um hana í næstu köflum skýrslunnar.

Mynd 2 sýnir að Norðurlönd standa mjög vel að vígi að því er varðar áherslusviðin Samkeppnishæf Norðurlönd og Félagslega sjálfbær Norðurlönd. Á báðum þessum áherslusviðum eru þó nokkrir þróunarvísar sem gefa þarf sérstakan gaum eigi Norðurlönd að vinna úr þeim úrlausnarefnum sem þar eru til staðar. Eins og í grunnmælingunni er svigrúm til umbóta mest á áherslusviðinu Græn Norðurlönd. Þótt útlit sé fyrir að markmiðin munu nást varðandi fleiri þróunarvísa en þegar grunnmælingin var gerð eru enn umtalsverð úrlausnarefni á mörgum sviðum.

Áfangaskýrslan sýnir almennt sömu mynd og grunnmælingin. Hvað nokkrum sviðum og þróunarvísunum viðvíkur hafa þó orðið breytingar, ýmist til hins betra eða verra: Þannig hafa fjórir þróunarvísar tekið jákvæðum breytingum frá grunnmælingunni, þ.e. þrír í tengslum við græn Norðurlönd og einn í tengslum við samkeppnishæf Norðurlönd. Þá hafa þrír þróunarvísar breyst til hins verra: Einn í tengslum við græn Norðurlönd og tveir í tengslum við samkeppnishæf Norðurlönd.



Grænt

Merkir að Norðurlönd uppfylla sett markmið framtíðarsýnarinnar á þessari stundu

Gult

Merkir að enn eru nokkur óleyst úrlausnarefni

Rauðgult

Merkir að enn er umtalsverður fjöldi úrlausnarefna óleystur

Rautt

Merkir að mikill fjöldi úrlausnarefna er enn óleystur


Mynd 2 – Yfirlit yfir stöðuna 2023

Þó að niðurstöðum áfangaskýrslunnar sé skipt upp eftir áherslusviðum skal tekið skýrt fram að nauðsynlegt er að skoða þróun Norðurlanda í átt að aukinni sjálfbærni á öllum sviðum sem eina heild. Þannig má lesa út úr bæði grunnmælingunni og áfangaskýrslunni að ýmsar leiðir séu til að ná fram samlegðaráhrifum milli áherslusviðanna þriggja og getur það haft mikið um það að segja hvort markmið framtíðarsýnarinnar nást. Markmiðið um græn Norðurlönd nýtur til dæmis góðs af því hversu langt Norðurlönd eru komin á sviði græns hugvits og hversu góðrar samkeppnisstöðu Norðurlandin njóta í heild. Mælingarnar sýna einnig að áherslan á grænan hagvöxt og grænt hugvit má ekki bitna á félagslegri sjálfbærni og að halda verður utan um hagvöxt og hugvit almennt með þeim hætti að sjálfbærni náttúrunnar sé ekki ógnað. Nánar er fjallað um samlegðaráhrif milli áherslusviðanna síðar í skýrslunni.

Sú regla að engin megi verða út undan – *leave no one behind* – er eitt grundvallarsjónarmiðanna að baki heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þess vegna eru dregnar fram í skýrslunni, eftir því sem unnt er, upplýsingar um mun eftir kyni, aldri og búsetu. Gögn liggja ekki fyrir um þessi atriði að því er alla þróunarvísana varðar og vantar meðal annars allar slíkar upplýsingar um græn Norðurlönd. Æskilegt er að gera bragarbót á þessu sem fyrst.

Áskoranir í tengslum við græn Norðurlönd

Græn Norðurlönd



Úr áfangaskýrslunni má lesa að helsta áskorunin tengist áherslusviðinu grænum Norðurlöndum þar sem um nokkur erfið eða viðvarandi úrlausnarefni er að ræða þvert á meginmarkmiðin.

Skýrslan sýnir að þörf er á hraðari þróun á þessu sviði eigi markmiðin um sjálfbær og samþætt Norðurlönd að nást fyrir árið 2030. Í samanburði við grunnskýrsluna hefur staðan þó batnað varðandi þrjá af þróunarvísunum, sem er jákvætt, en versnað varðandi einn vísinn.

Áfangaskýrslan er einkum jákvæð varðandi umhverfismerkingar og ofauðgun Eystrasaltsins. Á þessum sviðum hafa orðið framfarir frá grunnmælingunni og Norðurlönd uppfylla nú þegar markmiðin. Þegar kemur að lífrænum landbúnaði, endurnýjanlegri orku og orkukræfni sýnir leitni þróunarvísanna einnig að markmiðin muni nást fyrir árið 2030 haldi svo fram sem horfir.

Á mörgum öðrum sviðum hafa Norðurlönd ekki nýtt sér nægilega vel tækifæri í tengslum við græn Norðurlönd. Við blasir að losun gróðurhúsalofttegunda og neyslutengd losun er enn of mikil. Þá standa Norðurlönd einnig frammi fyrir miklum áskorunum þegar kemur að hlutfalli gróðurhúsalofttegunda og efnisspori. Hvað efnissporið snertir er þróunin enn í öfuga átt og verri en í samanburðarríkjunum. Sú var einnig raunin þegar grunnmælingin var gerð. Þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda er þróunin í rétta átt en mun ekki duga til að uppfylla markmiðin miðað við núverandi leitni.

Í áfangaskýrslunni er einnig bent á áskoranir sem tengjast verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Staða fugla sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum, sem og fiskistofna í Norður-Íshafi og Barentshafi, er viðunandi en leitnin er neikvæð. Það er áhyggjuefni. Hið sama á við um friðlýst náttúru- og hafsvæði en þar hafa markmið ekki náðst og ekki er útlit fyrir að svo verði fyrir 2030.

Ekki hafa fengist viðeigandi gögn til að leggja mat á mun í tengslum við græn Norðurlönd. Á síðari stigum gæti verið áhugavert að afla upplýsinga einkum um mun milli svæða og mun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Norðurlönd eru samkeppnishæft svæði en þó er svigrúm til umbóta


Norðurlönd standa vel að vígi þegar kemur að áherslusviðinu Samkeppnishæf Norðurlönd. Nú þegar hafa markmiðin varðandi marga af þróunarvísunum náðst. Það ber vott um að Norðurlönd séu samkeppnishæft svæði sem einkennist af nýsköpun, íbúar séu vel menntaðir og rannsóknir og græn umskipti ofarlega á baugi. Sama mynd var dregin upp í grunnskýrslunni. Staða eins þróunarvísis hefur færst í rétta átt en staða tveggja hefur því miður breyst til hins verra.

Norðurlönd standa frammi fyrir miklum áskorunum í formi brottfalls úr skóla auk mikils kynbundins munar á sviði menntunar. Þessir þróunarvísar eru nátengdir áherslusviðinu Félagslega sjálfbær Norðurlönd og nauðsynlegt er að huga að þeim ef takast á að tryggja að Norðurlönd standi undir stefnunni „*Leave no one behind*“.

Einnig eru mikil tengsl á milli áherslusviðanna um samkeppnishæf Norðurlönd og græn Norðurlönd. Þegar kemur að grænum einkaleyfum og svifryksmengun í þéttbýli er staðan góð og markmiðin nú þegar uppfyllt. Á hinn bóginn þurfum við að spýta í lófana ef við ætlum að ná markmiðum varðandi atvinnu í hringrásarhagkerfinu og almenningssamgöngur. Sömuleiðis er mikilvægt að takast á við brottfall úr skóla svo tryggja megi vel menntað vinnuafli fyrir grænu umskiptin.


Í grunnskýrslunni var lögð áhersla á þörfina á því að beina sérstaklega sjónum að fólksflutningum á milli norrænu landanna. Áfangaskýrslan sýnir að þetta á enn við. Hvað viðvíkur ferðum til og frá vinnu yfir landamæri á Eyrarsundssvæðinu er staðan í meginatriðum óbreytt frá grunnmælingunni.

Samkeppnishæf Norðurlönd



Norðurlönd eru félagslega sjálfbær en frekari aðgerða er þörf á sviðinu til að tryggja þátttöku allra

Félagslega sjálfbær Norðurlönd



Norðurlönd búa við því sem næst jafngóða stöðu gagnvart áherslusviðinu Félagslega sjálfbær Norðurlönd og sviðinu Samkeppnishæf Norðurlönd. Á heildina litið eru góð heilsa íbúa, mikil atvinnuþátttaka, jafnrétti og öflugt menningarlíf einkennandi fyrir svæðið. Staða þróunarvísanna fimmtán varðandi félagslega sjálfbærni á Norðurlöndum er óbreytt miðað við grunnskýrsluna.

Enn eru þó óleyst úrlausnerefni fyrir hendi: Áfangaskýrslan sýnir að enn eru nokkrar áskoranir varðandi jafnrétti kynjanna. Þetta á einkum við um kynjaskiptingu á vinnumarkaði, þar sem þróunin stendur í stað, og varðandi hlut feðra í fæðingarorlofi, þar sem ekki er heldur búist við því að markmiðin náist eins og sakir standa.³ Skortur á jafnrétti kynjanna sést einnig í vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES. Á þessu sviði er enn mikill vandi óleystur, einkum að því er varðar konur frá löndum utan EES.

Friður, réttlæti og skilvirkar og ábyrgar stofnanir eru almennt einkennandi fyrir Norðurlönd en kosningaþátttaka hefur aðeins dvínað. Þróunin stendur hér í stað og sömu sögu er að segja af hlutfalli íbúa sem upplifa afbrot, ofbeldi og eignaspjöll. Því er einnig svigrúm til umbóta á þessu áherslusviði.

Eins og fram hefur komið eru áherslusviðin þrjú nátengd og því er mikilvægt að gæta að því að úrbætur á einu sviði skapi ekki vandamál á öðru sviði heldur hafi þess í stað jákvæða keðjuverkun. Það er til dæmis ástæða til að skoða hvernig leiðrétta megi neikvæðan kynjamun á sviði menntunar svo hann færist ekki yfir á vinnumarkaðinn.

3. Við matið var ekki tekið tillit til nýs verkefnis ESB, Work-life Balance Initiative, sem innleiða átti í september 2022.



Mynd: Common Ground Media

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Áfangaskýrslan sýnir að Norðurlönd standa frammi fyrir talsverðum áskorunum á mörgum sviðum þegar kemur að því að uppfylla markmiðin um græn Norðurlönd, bæði eins og sakir standa nú og þegar horft er fram á veginn til ársins 2030.

Þótt þróunin sé almennt í rétta átt sýna margir af þróunarvísunum of litlar framfarir til þess að markmiðin geti náðst fyrir árið 2030. Sex vísar sýna meira að segja stöðnun eða afturför sé horft til ársins 2030. Það er þó jákvætt að framför hefur orðið varðandi marga þróunarvísa sé miðað við grunnmælinguna: Litur þriggja þróunarvísa hefur breyst til batnaðar⁴ en aðeins einn hefur tekið neikvæðum breytingum.⁵

Myndin fyrir neðan sýnir stöðu og leitni þróunarvísanna 15 á áherslusviðinu Græn Norðurlönd.

4. Samanborið við raunverulega þróun.

5. Samanborið við raunverulega þróun.

Aðgerðir í loftslagsmálum	Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun neyslutengdra gróðurhúsalofttegunda	Útbreiðsla hafíss á Norðurslóðum
Endurnýjanlegir orkugjafar	Endurnýjanleg orka	Orkukræfni	Hlutfall gróðurhúsalofttegunda
Ábyrg neysla og framleiðsla	Efnisspor	Endurnýting heimilissorps	Umhverfismerkingar
Líf á landi	Friðlýst svæði	Lífrænn landbúnaður	Fuglar sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum
Líf í vatni	Friðlýst hafsvæði	Ofauðgun Eystrasalts	Fiskistofnar í Norður-Íshafi og Barentshafi

Þú finnur talnagögn á bak við vísana hér: <https://www.nordicstatistics.org/areas/nordic-indicators-for-our-vision-2030/>

Staða	Leitniörvar
Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
Enn eru ýmis óleyst úrlausnarefni	Umbætur eru í meðallagi
Enn eru umtalsverð úrlausnarefni óleyst	Þróunin telst standa í stað
Mikill fjöldi úrlausnarefna er enn óleystur	Þróunin stefnir í ranga átt

Eigi markmiðin að nást þarf áfram að leggja áherslu á græn umskipti

Áfangaskýrslan bendir til þess að þróunin sé í rétta átt fyrir flesta vísana en sé of hæg til þess að markmiðin náist fyrir árið 2030. Eins og í grunnmælingunni er það á áherslusviðinu Græn Norðurlönd sem við eigum lengst í land.

Markmiðin varðandi *umhverfismerkingar* og *ofauðgun Eystrasalts* eru þegar í höfn og leitni þróunarvísanna í áfangaskýrslunni bendir til þess að markmiðin varðandi *lífrænan landbúnað*, *endurnýjanlega orku* og *orkukræfni* muni einnig nást fyrir árið 2030 haldi svo fram sem horfir.

Á öðrum sviðum eiga Norðurlönd enn erfitt uppdráttar og almennt séð er þróunin of hægfara til þess að markmiðin á þessu sviði náist í heild fyrir 2030. *Efnissporið* er sérstaklega erfitt viðureignar og þar er þróunin auk þess í öfuga átt. Markmiðið um *endurnýtingu úrgangs sveitarfélaga* hefur heldur ekki náðst og þar stendur þróunin í stað. Þá er það einnig mikið áhyggjuefni að Norðurlönd hafa dregist aftur úr samanburðarríkjunum þrátt fyrir að norrænu löndin hafi lagt mikla áherslu á þetta svið.⁶

Einnig eru töluverð úrlausnarefni óleyst kemur að *losun gróðurhúsalofttegunda*, bæði almennt og með tilliti til neyslutengdrar losunar. Á þessu sviði má sjá hægfara breytingar í rétta átt sem þó duga ekki til þess að uppfylla markmiðin fyrir 2030. Svipaða sögu er að segja af *hlutfalli gróðurhúsalofttegunda*, en þar sýnir áfangaskýrslan að töluverðar áskoranir séu fyrir hendi og að þörf sé á hraðari þróun í rétta átt eigi markmiðin að nást fyrir 2030. Í samanburði við grunnskýrsluna sýnir áfangaskýrslan almennt svolitlar framfarir, sé litið til stöðu og þróunar vísanna, en ekki nægar til þess að Norðurlönd nái að uppfylla markmiðin fyrir 2030.

Einnig eru áskoranir sem tengjast dýralífi: Þótt núverandi staða varðandi *fugla sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum* og *fiskistofna í Norður-Íshafi og Barentshafi* sé tiltölulega góð hafa Norðurlönd ekki náð að uppfylla markmið sín og leitni þróunarvísa í neikvæða átt er áhyggjuefni. Norðurlönd hafa heldur ekki náð settum markmiðum varðandi friðlýst náttúru- og hafsvæði og leitni þróunarvísa fyrir náttúrusvæði stendur í stað en svo var því einnig farið í grunnmælingunni.

Hér fer á eftir lýsing á stöðu og þróun mála að því er varðar markmiðin á þessu málefnasviði.

6. Sjá nánari lýsingu á þróuninni í kafla 4.3.

Aðgerðir í loftslagsmálum

Norðurlönd standa frammi fyrir miklum úrlausnarefnum

Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun neyslutengdra gróðurhúsalofttegunda	Útbreiðsla hafíss á Norðurslóðum
		

Þróunarvísarnir þrír sem tengjast markmiðinu *Aðgerðir í loftslagsmálum* sýna að Norðurlönd glíma þar við vandamál á öllum sviðum. Haldi þróunin áfram með óbreyttum hætti munu engin af markmiðunum varðandi aðgerðir í loftslagsmálum nást fyrir 2030.

Með öðrum orðum er þróunin á réttri leið en þarf að vera hraðari eigi Norðurlönd að ná settum markmiðum í tæka tíð. Losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum er smávægileg í alþjóðlegu samhengi en með forystu á alþjóðavettvangi og virkum aðgerðum geta Norðurlönd vísað veginn fyrir aðrar þjóðir heims. Staða þriggja þróunarvísa er óbreytt frá útkomu grunnskýrslunnar en leitnin er í rétta átt.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum í heild, þar á meðal losun vegna framleiðslu í norrænu löndunum, er of mikil þrátt fyrir að þróunin sé í rétta átt og að dregið hafi verið úr heildarlosun koldíoxíðs á Norðurlöndum um það bil þriðjung frá árinu 2010.⁷ Þótt einhverjar framfarir verði á þessu sviði til ársins 2030 er þróunin enn of hæg til þess að sett markmið náist. Sé leitnin borin saman við grunnskýrsluna hefur hún farið úr því að standa í stað yfir í að vera hóflega jákvæð.

Þegar kemur að *neyslutengdri losun gróðurhúsalofttegunda*, sem nær yfir losun vegna notkunar á vörum, óháð framleiðslustað, standa Norðurlönd frammi fyrir stórum ákskorunum. Sem stendur liggja aðeins fyrir tölur varðandi þennan þróunarvísi frá Svíþjóð og Danmörku. Frá 2010 hefur heildarlosun farið niður á við, þó með undantekningum stöku ár þar sem losun hefur aukist. Þótt þetta teljist jákvætt munu Norðurlönd ekki ná settum markmiðum fyrir 2030 nema þessi þróun verði hraðari. Mjög svipuð mynd var dregin upp í grunnskýrslunni.

*Bráðnun hafíss á norðurskautssvæðinu*⁸ er einnig mikill vandi og flestir sérfræðingar telja að losun gróðurhúsalofttegunda sé helsta orsök hennar.⁹ Frá árinu 1990 hefur meðalútbreiðsla hafíss á norðurslóðum minnkað úr 11,7 í 10,6 milljónir km² og staðan í áfangaskýrslunni er sú sama og árið 2015. Haldi sú þróun áfram verður útbreiðslan komin niður í 10 milljónir km² árið 2030. Sú mynd sem hér er dregin upp bendir ekki til þess að Norðurlönd nái markmiðum sínum fyrir árið 2030. Spár sérfræðinga um bráðnun hafíssins og líklegar afleiðingar hennar eru mjög breytilegar, en flestir telja að hér sé á ferðinni vandi sem geti haft gríðarlega neikvæð áhrif

á loftslag og búsetu um allan heim ef þróun undanfarinna ára helst óbreytt. Á þessu sviði er því enn um mikinn vanda að ræða þótt staðan hafi ögn skánað frá útkomu grunnskýrslunnar.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Low-Carbon Circular Transition in the Nordics Actions needed to unleash the potential (2023): <https://www.norden.org/is/node/79546>
- Harnessing voluntary carbon markets for climate ambition – An action plan for Nordic cooperation (2022): <https://www.norden.org/is/node/77166>
- Ecosystem accounting in the Nordic countries (2022): <https://www.norden.org/is/node/76104>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

7. 2020.
8. Mæling á því hve margir km² af norðurskautssvæðinu eru þaktir ís.
9. Meredith, M., M. Sommerkorn, S. Cassotta, C. Derksen, A. Ekaykin, A. Hollowed, G. Kofinas, A. Mackintosh, J. Melbourne-Thomas, M.M.C. Muelbert, G. Ottersen, H. Pritchard, og E.A.G. Schuur, 2019: Polar Regions. Í: IPCC Special Report on the Ocean and Cryosphere in a Changing Climate [H.-O. Pörtner, D.C. Roberts, V. Masson-Delmotte, P. Zhai, M. Tignor, E. Poloczanska, K. Mintenbeck, A. Alegria, M. Nicolai, A. Okem, J. Petzold, B. Rama, N.M. Weyer (ritstj.)]. Cambridge University Press, Cambridge, UK and New York, NY, USA, bls. 203–320. <https://doi.org/10.1017/9781009157964.005>.

Endurnýjanlegir orkugjafar

Norðurlönd eru á réttri leið en ekki alveg komin í mark

Endurnýjanleg orka	Orkukræfni	Hlutfall gróðurhúsalofttegunda
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Endurnýjanlegir orkugjafar* sýna að Norðurlönd eru á réttri leið og útlit er fyrir framfarir á öllum sviðum fram til 2030. Þó þarf sérstaklega að huga að hlutfalli gróðurhúsalofttegunda eigi öll markmið að nást innan settra tímamarka. Staðan varðandi endurnýjanlega orku og hlutfall gróðurhúsalofttegunda er óbreytt frá grunnskýrslunni en bæði staða og leitni varðandi orkukræfni hefur batnað.

Staðan varðandi endurnýjanlega orku á Norðurlöndum er sú að enn eru til staðar óleyst úrlausnarefni sem veita verður athygli. Frá árinu 2014 hefur hlutfall orkunotkunar með endurnýjanlegum orkugjöfum aukist úr 40 í 60 prósent á Norðurlöndum. Norðurlönd eru jafnframt langt yfir samanburðarríkjunum¹⁰ í notkun endurnýjanlegra orkugjafa¹¹ og er svæðið leiðandi á þessu sviði. Haldi núverandi þróun áfram með óbreyttum hætti er búist við því að hlutfallið verði komið upp í 75 prósent árið 2030. Ánægjulegast við þetta er að þróunin fyrir þennan þróunarvísi er nægilega góð til þess að útlit sé fyrir að markmiðin varðandi hann náist fyrir 2030. Það krefst þó áframhaldandi aðgerða af hálfu norrænu landanna til þess að leitnin verði áfram með sama hætti.

Áfangaskýrslan sýnir, rétt eins og grunnmælingin, að orkukræfni, þ.e. orkunotkun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, er enn vandamál á Norðurlöndum. Þó hefur staðan batnað töluvert frá útkomu grunnskýrslunnar og útlit er fyrir að hægt verði að leysa þau úrlausnarefni sem fram undan eru í tengslum við þennan þróunarvísi fyrir árið 2020 ef leitnin heldur sínu striki. Þetta ber að skoða í samhengi við sameiginlegt markmið aðildarríkja Evrópusambandsins um að minnka orkukræfni um 32,5% frá því sem var árið 2018. Markmiðið gildir fyrir Evrópusambandið í heild og ekki eru sett sérstök markmið fyrir hvert ríki, en líta má á þetta sem viðmið um hvað gera þarf.

Með hliðsjón af markmiði Evrópusambandsins er þróunin í rétta átt og dugar til þess að Norðurlönd nái markmiðum sínum fyrir árið 2030. Orkukræfni á Norðurlöndum er á pari við það sem gerist í samanburðarríkjunum en haldi þróunin áfram með óbreyttum hætti má búast við því að samanburðarríkin muni standa Norðurlöndum framar árið 2030.

Þegar kemur að hlutfalli gróðurhúsalofttegunda, þ.e. hlutfallinu á milli orkutengdrar losunar slíkra lofttegunda og heildarorkunotkunar, eru Norðurlönd sem stendur langt frá því að uppfylla markmið sín og enn eru

áskoranir fyrir hendi. Grunnskýrslan sýndi sömu mynd. Jafnvel þótt þróunin sé hóflega jákvæð og hlutfall gróðurhúsalofttegunda hafi minnkað um um það bil 40 prósent frá árinu 1996¹² er frekari aðgerða þörf ef Norðurlöndum á að takast að ná settum markmiðum í tæka tíð.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- The Nordic Energy Trilemma: Security of Supply, Prices and the Just Transition (2023): <https://www.norden.org/is/node/79547>
- Baltic-Nordic Roadmap for Co-operation on Clean Energy Technologies (2022): <https://www.norden.org/is/node/73070>
- Distributed Flexibility – Lessons learned in the Nordics (2022): <https://www.norden.org/is/node/73297>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

10. [Renewable energy statistics - Statistics Explained \(europa.eu\)](https://eurostat.ec.europa.eu/en/statistics-explained)

11. Miðað við heildarorkunotkun.

12. Mæling á stöðunni fyrir árið 2021 er byggð á framreiknuðum gögnum fyrir árin 1990–2020.

Ábyrg neysla og framleiðsla

Þróunin er í ranga átt

Efnisspor	Endurnýting heimilissorps	Umhverfismerkingar
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Ábyrg neysla og framleiðsla* sýna bæði jákvæðar og neikvæðar niðurstöður. Þróunin er þó að mestu leyti í ranga átt og á heildina litið standa Norðurlönd enn frammi fyrir vanda á þessu sviði. Áfangaskýrslan gefur til kynna mikla þörf á að minnka efnissporið, sem reynist Norðurlöndum töluverður vandi. Á hinn bóginn er staðan jákvæð þegar kemur að umhverfismerkingum og þar hafa Norðurlönd nú þegar náð markmiðum sínum. Staðan varðandi endurnýtingu heimilissorps er hins vegar öllu verri og þar hefur settum markmiðum ekki verið náð og ekki er útlit fyrir að það gerist fyrir 2030. Frá útkomu grunnskýrslunnar hefur staðan varðandi efnissporið haldist óbreytt, versnað varðandi endurnýtingu heimilissorps og batnað varðandi umhverfismerkingar.¹³ Leitni þróunarvísanna þriggja er óbreytt frá grunnskýrslunni.

Verst er staðan varðandi efnissporið¹⁴ en þar er vandinn umtalsverður. Þótt efnisspor á Norðurlöndum hafi minnkað jafnt og þétt frá árinu 2008¹⁵ stöndum við bæði þeim OECD-ríkjum sem hafa náð bestum árangri á þessu sviði og samanburðarríkjunum að baki. Þróunin stefnir í ranga átt og brýnt er að snúa henni við ef markmiðin eiga að nást fyrir árið 2030. Grunnskýrslan komst að sömu niðurstöðu.

Þróunin varðandi *endurnýtingu á heimilissorpi* er neikvæð og þar eru enn úrlausnarefni. Um það bil 8,5 prósentustigum minna heimilissorp var endurnýtt árið 2021 samanborið við 2019 á Norðurlöndum.¹⁶ Leitnin stendur í stað sé horft til 2030 og því er ekki útlit fyrir að sett markmið náist. Þessi þróun er neikvæð miðað við grunnskýrsluna.

Staðan er betri þegar kemur að *umhverfismerkingum* og hafa Norðurlönd nú þegar náð markmiðum á því sviði. Árið 2022 voru skráðar um 2700 Svansmerkingar á hverja 100 þúsund íbúa á Norðurlöndum og *umhverfismerkingar* hafa verið í stöðugum vexti frá 2016, með árlegri aukningu upp á 2,3 prósent.¹⁷ Haldi þessi jákvæða þróun áfram munu Norðurlönd einnig ná markmiðum sínum fyrir árið 2030 samkvæmt framreikningi. Það liggur þó ekki ljóst fyrir að hve miklu leyti umhverfismerkingar leiða til sjálfbærrar notkunar og minna efnisspors.

13. Samanborið við uppfærða grunnskýrslu.

14. Mælt sem losun í tonnum á hvern íbúa á Norðurlöndum.

15. Mæling á stöðunni fyrir árið 2021 er byggð á framreiknuðum gögnum fyrir árin 1990–2020.

16. Ástæðuna má að hluta rekja til: 1) Gats í tímayfirlitinu frá Noregi og Svíþjóð 2020 og 2) Nýrrar aðferðar við uppgjör í Noregi frá 2020.

17. 2016–2022.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Circular Business Models – Nordic Opportunities And Challenges In The New Geopolitical Landscape (2023): <https://www.norden.org/is/node/78884>
- Mapping Sustainable Textile Initiatives in the Nordic Countries (2023): <https://www.norden.org/is/node/78696>
- Emission-free Construction Sites (2023): <https://www.norden.org/is/node/79878>
- Climate, Gender and Consumption – A research overview of gender perspectives on sustainable lifestyles (2022): <https://www.norden.org/is/node/75281>
- Innovation Dynamics in Multi-storey-Wood Construction in Sweden and Finland (2023): <https://www.norden.org/is/node/79360>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Líf á landi

Enn eru óleyst úrlausnarefni og þróunin ýmist jákvæð eða neikvæð

Friðlýst svæði	Ræktarland í lífrænni ræktun	Fuglar sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Líf á landi* endurspegla bæði styrkleika og veikleika á Norðurlöndum þegar kemur að stöðu náttúruverndar og verndunar líffræðilegrar fjölbreytni á landi. Miðað við núverandi leitni er útlit fyrir að Norðurlönd nái settum markmiðum varðandi lífrænan landbúnað fyrir árið 2030. Á hinn bóginn þarf að spýta í lófana varðandi friðlýst svæði til þess að sett markmið náist. Það sama á við um fugla sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum. Sömu blönduðu mynd mátti sjá í grunnskýrslunni þar sem staða og leitni var einnig með misjöfnum hætti.

Áfangaskýrslan bendir til þess að enn séu úrlausnarefni fyrir hendi í tengslum við friðlýst náttúrusvæði. Á Norðurlöndum eru nú tæp 17 prósent lands friðlýst svæði. Norðurlönd eiga því samkvæmt þessum vísi enn nokkuð í land þegar litið er til þess markmiðs Evrópusambandsins að friðlýst svæði skuli vera 30 prósent lands.¹⁸ Þróunin er að mestu leyti óbreytt frá 2012.¹⁹ Samkvæmt framreikningi mun þróunin standa í stað fram til 2030 og því munu sett markmið á þessu sviði ekki nást. Það þýðir að þörf er á frekari aðgerðum eigi Norðurlönd að ná í mark.

Sá þróunarvísir sem lítur best út á þessu áherslusviði er lífrænn landbúnaður. Árið 2020 var hlutfall ræktarlands í lífrænni ræktun um 14 prósent á Norðurlöndum en það samsvarar 50 prósentu aukningu frá 2012. Enn er þó nokkuð í að ná markmiði Evrópusambandsins um 25 prósent²⁰ en haldi núverandi þróun áfram er útlit fyrir að markmiðin muni nást árið 2030. Sé hlutfallið borið saman við samanburðarríkin er útlit fyrir að Norðurlönd dragist aftur úr árið 2024 og því ætti að flýta þróuninni frekar.

Áfangaskýrslan ber þess vott að enn eru áskoranir til staðar á þessu sviði á Norðurlöndum.²¹ Frá árinu 2000 hefur fuglastofninn á Norðurlöndum minnkað um 20 prósent.²² Verði leitni áfram með sama hætti og nú munu markmiðin ekki nást fyrir árið 2030. Það sama á við í þeim löndum sem Norðurlönd bera sig saman við en þar fer fuglastofninn einnig minnkandi. Því er þörf á auknum aðgerðum í tengslum við þennan þróunarvísi þar sem Norðurlönd geta lagt sitt af mörkum á alþjóðavísu með því að taka sér forystuhlutverk og jafnframt náð settum markmiðum sínum. Sömu mynd er því brugðið upp og í grunnskýrslunni.

18. Protecting biodiversity: Commission advises how to designate additional protected areas (europa.eu)

19. 16,5 prósent 2012.

20. From farm to fork - Consilium (<https://www.consilium.europa.eu/en/policies/from-farm-to-fork/>)

21. Önnur mynd var dregin upp í grunnskýrslunni vegna þess að þar var mat á stöðunni byggt á spá en ekki raunverulegum gögnum.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Access and Rights to Genetic Resources: A Nordic Approach (II) (2023): <https://www.norden.org/is/node/79753>
- LCA for treatment of wood waste in the Nordics (2022): <https://www.norden.org/is/node/75403>
- Nature Risk - An analysis of use and applicability in the Nordic countries (2022): <https://www.norden.org/is/node/74904>
- Working with Nature-Based Solutions: <https://pub.norden.org/temanord2022-562/>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Líf í vatni

Áskoranir eru til staðar og Norðurlönd eiga verk fyrir höndum eigi markmiðin að nást

Friðlýst hafsvæði	Ofauðgun Eystrasalts	Fiskistofnar í Norður-Íshafi og Barentshafi
		

Staðan varðandi *Líf í vatni* er misjöfn en á heildina litið eiga Norðurlönd við vanda að etja á því sviði. Sem stendur varðar helsta úrlausnarefnið *fiskistofna í Norður-Íshafi og Barentshafi* og *friðlýst hafsvæði*. Best er útlitið varðandi *ofauðgun Eystrasalts* þar sem svolítill jákvæð þróun hefur átt sér stað undanfarin ár. Hraða verður þróuninni varðandi hina tvo vísana og raunar er þróunin í ranga átt varðandi *fiskistofna í Norður-Íshafi og Barentshafi*. Það skal tekið fram að Norðurlönd bera ekki ein ábyrgð á verndun líffræðilegrar fjölbreytni á þessum hafsvæðum. Norðurlönd geta þó, auk þess að ganga fram með góðu fordæmi, vakið athygli á vandanum í samskiptum við önnur ríki og í tengslum við alþjóðasamninga á sviði umhverfismála.

Samkvæmt Natura 2000 vantar töluvert á að hlutfall friðlýstra hafsvæða sé í samræmi við markmið Evrópusambandsins. Í áfangaskýrslunni er sú mynd dregin upp að enn séu töluverð úrlausnarefni fyrir hendi í tengslum við þennan þróunarvísi og að Norðurlönd eigi enn langt í land með að uppfylla markmið sín. Þrátt fyrir að núverandi spár geri ráð fyrir að breytingar verði til hins betra þegar horft er til ársins 2030 er þróunin of hæg til þess að markmiðin geti náðst. Staðan er því óbreytt frá grunnskýrslunni.

Lítilsháttar árangur hefur náðst í tengslum við *ofauðgun Eystrasalts*.²³ Þróunarvísirinn er metinn út frá skilgreiningu Helsinkisamningsins²⁴ og er staða Norðurlanda góð. Frá árinu 1995 hafa Norðurlönd minnkað ofauðgun um 25 prósent og samkvæmt þessari áfangaskýrslu eru markmiðin nú þegar uppfyllt. Þó skal á það bent að staða Eystrasalts er að miklu leyti háð þeim viðmiðunarmörkum sem stuðst er við og aðrar skilgreiningar eða útreikningar kunna að gefa aðra og verri mynd af stöðunni.

Sú mynd sem brugðið er upp af *fiskistofnum í Norður-Íshafi og Barentshafi* er einnig dökk. Á tveimur árum dróst stærð stofnanna (þorsks, síldar og kolmunna) saman úr tæplega 15 milljónum tonna niður í 13 milljónir tonna árið 2021. Árið 2004 var stofnstærðin rúmlega 21 milljón tonna. Þróunin er því í ranga átt með sívaxandi hraða²⁵ og því er brýnt að bregðast hratt við til þess að snúa henni við eigi Norðurlöndum að takast að ná settum markmiðum fyrir árið 2030. Það er því ljóst að Norðurlönd standa enn frammi fyrir miklum áskorunum á þessu sviði, rétt eins og þegar grunnskýrslan kom út.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- DNA metabarcoding – Guidelines to monitor phytoplankton diversity and distribution in marine and brackish waters (2023): <https://www.norden.org/is/node/80214>
- Coexistence and nature-inclusive design in Nordic offshore wind farms (2023): <https://www.norden.org/is/node/79830>
- Addressing Microplastics in a Global Agreement on Plastic Pollution (2022): <https://www.norden.org/is/node/77076>
- Low Sulphur Fuel Oil (LSFO) – Identification of environmental impacts in a cold marine environment (2023): <https://www.norden.org/is/node/78284>
- Quantification and environmental pollution aspects of lost fishing gear in the Nordic countries (2023): <https://www.norden.org/is/node/78457>
- Accommodating Biodiversity in Nordic Offshore Wind Projects (2022): <https://www.norden.org/is/node/69917>
- Klimatilpasningstiltak og kulturarv – Muligheter og oppmerksomhetspunkter ved studier av klimatilpasningstiltak og konsekvenser for kulturmiljøer og kulturminner (2022): <https://www.norden.org/is/node/70306>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

23. Ofauðgun merkir að næringarsölt hafi safnast fyrir í vötnum eða hafsvæðum í of ríkum mæli. Orsökina er oft of mikil notkun tilbúins áburðar. Sjá t.d. <https://undervisning.wwf.dk/eutrofiering-0>

24. Efri viðmiðunarmörkin hafa breyst töluvert frá útkomu grunnskýrslunnar sem kann að skýra þróunina þegar áfangaskýrslan er borin saman við grunnskýrsluna.

25. Byggt á meðalþróun síðustu þriggja ára frá 2019–2021. 2019 var árlegur vöxtur = -10,48%, 2020 = -7,54% og 2021 = -8,59%.



Mynd: Common Ground Media, Unsplash.com & Norden.org

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Áfangaskýrslan sýnir að Norðurlönd eru á réttri leið við að ná markmiðinu um samkeppnishæf Norðurlönd 2030 sem byggja á grænum hagvexti, hugviti, frjálsri för og hringrásarhagkerfi. Haldi núverandi þróun áfram verður samkeppnisstaða Norðurlanda orðin enn sterkari árið 2030. Frá útkomu grunnskýrslunnar hefur árangur náðst á sviði hagvaxtar en þróunin varðandi atvinnuþátttöku og brottfall úr skólum hefur verið neikvæð.

Myndin fyrir neðan sýnir stöðu og leitni þróunarvísanna 15 á áherslusviðinu Samkeppnishæf Norðurlönd.

Góð menntun fyrir alla	Háskólamenntun	Brottfall úr skólum	Fullorðinsfræðsla og endurmenntun
Góð atvinna og hagvöxtur	Atvinnuþátttaka	Störf í hringrásarhagkerfinu	Hagvöxtur
Nýsköpun og uppbygging	Fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs	Einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni	Digital Economy and Society Index (DESI)
Sjálfbærar borgir og samfélög	Almenningssamgöngur	Svifryksmengun í þéttbýli	Opin svæði á þéttbýlissvæðum
Frjáls för	Fólksflutningar milli Norðurlandanna	Innflutningur milli Norðurlanda	Vinna sem sótt er yfir landamæri

Þú finnur talnagögn á bak við vísana hér: <https://www.nordicstatistics.org/areas/nordic-indicators-for-our-vision-2030/>

Staða	Leitniörvar
Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
Enn eru ýmis óleyst úrlausnarefni	Umbætur eru í meðallagi
Enn eru umtalsverð úrlausnarefni óleyst	Þróunin telst standa í stað
Mikill fjöldi úrlausnarefna er enn óleystur	Þróunin stefnir í ranga átt

Samkeppnishæf og nýskapandi Norðurlönd geta lagt sitt af mörkum til bæði grænna umskipta og félagslegrar sjálfbærni

Úr áfangaskýrslunni má lesa að Norðurlönd eru svæði sem einkennist af mikilli samkeppnishæfni, góðri menntun íbúanna og mikilli atvinnuþátttöku þar sem rannsóknir og hugvit standa traustum fótum. Allt eru þetta mikilvægar forsendur þess að ná settum markmiðum fyrir árið 2030.

Menntun er mikilvægur grundvöllur samkeppnishæfni á Norðurlöndum. Þótt dregin sé upp mynd af vel menntuðum þjóðum blasa við úrlausnarefni á þessu sviði sem nauðsynlegt er að gefa gaum. Annars vegar hefur Norðurlöndum ekki tekist að ná markmiðum um að draga úr brottfalli úr skóla. Þrátt fyrir jákvæða þróun á undanförunum árum er ekki útlit fyrir að markmiðin náist fyrir árið 2030 miðað við núverandi leitni. Hins vegar er munur á menntunarstigi á milli karla og kvenna en karlar afla sér minni menntunar. Þetta er alkunnur vandi sem einnig kom fram í grunnmælingunni en brýnt er að takast á við hann því að vel menntaðar þjóðir eru undirstaða norrænna velferðarsamfélaga.

Margt er jákvætt í áfangaskýrslunni þegar kemur að frjálsri för á Norðurlöndum. Norðurlandabúar stunda enn mikil viðskipti þvert á landamærin og jafnframt er staðan góð hvað viðvíkur ferðum til og frá vinnu yfir landamærin á Eyrarsundssvæðinu. Markmiðin fyrir þessa tvo þróunarvísa eru nú þegar uppfyllt og búist er við því að svo verði einnig árið 2030. Staðan varðandi fólksflutninga milli Norðurlandanna er ekki eins góð. Þar standa Norðurlönd frammi fyrir því að þróunin er í öfuga átt. Brýnt er að snúa þeirri þróun við eigi markmiðin um samþætt Norðurlönd að nást fyrir árið 2030.

Áfangaskýrslan sýnir blendnar niðurstöður varðandi núverandi stöðu og væntingar fram til ársins 2030 í tengslum við þá þróunarvísa sem tengja saman samkeppnishæf Norðurlönd og græn Norðurlönd. Annars vegar er það jákvætt að loftmengun í þéttbýli er áfram lítil og að einkaleyfisumsóknum á sviði grænnar tækni hefur farið fjölgandi á undanförunum árum. Hins vegar er ljóst að úrbóta er þörf þegar kemur að hlutfalli grænna starfa en sem stendur uppfylla Norðurlönd ekki markmið sín á því sviði og þróunin stendur í stað. Sama máli gegnir um almenningssamgöngur þar sem enn er verk að vinna. Heildarmyndin er því blendin líkt og í grunnskýrslunni og enn er nokkuð í land, eigi samkeppnishæfni Norðurlanda að geta kallast græn.

Hér fer á eftir lýsing á stöðu og þróun mála að því er varðar markmiðin á þessu málefnaviði.

Góð menntun fyrir alla

Norðurlandabúar eru vel menntaðir en áfram verður að huga mjög vel að mörgum sviðum

Háskólamenntun	Brottfall úr skólum	Fullorðinsfræðsla og endurmenntun
		

Á heildina litið dregur áfangaskýrslan upp þá mynd að menntunarstig sé almennt hátt á Norðurlöndum. Þó er svigrúm til umbóta, einkum þegar kemur að *brottfalli úr skólum*. Einnig sýna allir þróunarvísar á þessu áherslusviði að áfram verður að beina sjónum að muninum á menntunarstigi karla og kvenna. Karlar afla sér minni menntunar en konur og eru líklegri til þess að hverfa frá námi. Sama mynd var dregin upp í grunnskýrslunni.

Þegar litið er til *háskólamenntunar* kemur í ljós að Norðurlönd uppfylla nú þegar markmið sín. 51,4 prósent fólks á aldrinum 30–34 ára hafa lokið háskólamenntun. Menntunarstigið hefur aukist stöðugt frá árinu 1999 en þá hafði þriðjungur fólks á aldrinum 30–34 ára-aflað sér háskólamenntunar. Þegar tekið er tillit til kynjaskiptingar er myndin þó dekkri, en 60 prósent norrænna kvenna hafa lokið háskólanámi en aðeins 43 prósent karla. Miðað við núverandi leitni er útlit fyrir að kynjamunurinn aukist enn. Sé horft til skiptingar á milli svæða á Norðurlöndum má einnig sjá mun á menntunarstigi á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Því eru enn úrlausnarefni til staðar á þessu sviði en sú var einnig raunin þegar grunnskýrslan kom út.

Norðurlönd standa frammi fyrir brýnu úrlausnarefni varðandi *brottfall úr skóla*. Þróunin þar hefur verið í öfuga átt undanfarin ár. Árið 2019 var brottfallið 8,4 prósent (á meðal fólks á aldrinum 18–24 ára) en árið 2021 var það komið upp í 9,7 prósent. Norðurlönd standast því ekki samanburð við þau aðildarríki Evrópusambandsins sem best standa að vígi í þessu tilliti. Þrátt fyrir þessa afturför frá 2019 til 2021 hefur staðan skánað nokkuð frá árinu 2006 þegar brottfallið var 11 prósent. Kynjamunur er jafnframt áberandi í þessu tilliti en brottfall meðal karla var 11,4 prósent en 7,5 prósent meðal kvenna. Verði leitnin áfram með sama hætti og áður má búast við því að kynjamunurinn aukist enn. Til þess að ná markmiðunum almennt fyrir árið 2030 þarf þróunin því að verða hraðari og beina verður sjónum sérstaklega að kynjamuninum. Þetta er sama niðurstaða og fékkst í grunnmælingunni og því hefur staðan ekki batnað.

Staða *fullorðinsfræðslu og endurmenntunar* á Norðurlöndum er sem stendur þannig að við erum á rétttri leið og útlit er fyrir að markmiðin muni nást fyrir árið 2030. Norrænu ríkin standa auk þess mun betur en samanburðarríkin þar sem hærra hlutfall fólks á aldrinum 25–64 ára hefur sótt sér slíka menntun. Þróunin hefur verið jákvæð frá 2005–2021 en sjá má greinilegt fall úr 28,1 prósentu 2019 í 23,9 prósent 2020. Hugsanlega skýrist þetta af heimsfaraldri kórónuveiru. Þá er kynjamunurinn einnig áberandi en

33 prósent kvenna og 23,4 prósent karla sækja fullorðinsfræðslu og eftirmenntun. Þátttaka í fullorðinsfræðslu og endurmenntun minnkar jafnframt með hækkandi aldri en um það bil tvöfalt fleiri á aldrinum 25–34 ára sækja sér slíka menntun samanborið við þá sem eru 55–64 ára.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Language Training Services for Adult Immigrants in the Nordic Countries – A comparative study (2023): <https://www.norden.org/is/node/80236>
- [Spennandi starfsnám á Norðurlöndum \(2023\)](#): <https://www.norden.org/is/publication/spennandi-starfsmidad-nam-nordurlondum>
- Work environment knowledge for young people (2023): <https://www.norden.org/is/node/80295>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Góð atvinna og hagvöxtur

Auka þarf hlutfall grænna starfa á Norðurlöndum

Atvinnuþátttaka	Störf í hringrásarhagkerfinu	Hagvöxtur
		

Eins og sakir standa er hagvöxtur góður á Norðurlöndum og atvinnuþátttaka mikil. Áfram er þó brýnt að huga að hagvexti og atvinnuþátttöku, einkum hvað varðar hlutfall starfa í hringrásarhagkerfinu. Jafnframt þarf að leggja áherslu á það markmið að stuðla að grænum hagvexti þar sem þekking, nýsköpun og samkeppnishæfni eru í brennidepli. Atvinnuþátttaka hefur því versnað svolítið en hagvöxtur jafnframt aukist svolítið.

Atvinnuþátttaka á Norðurlöndum er 75 prósent og því ein sú allra mesta meðal aðildarríkja OECD. Engu að síður bendir áfangaskýrslan til þess að enn séu úrlausnarefni til staðar á þessu sviði. Núverandi leitni sýnir þó að haldi svo fram sem horfir muni Norðurlönd ná markmiðum sínum fyrir árið 2030. Sé kynjamunur skoðaður kemur í ljós að atvinnuþátttaka karla er 77,1 prósent og kvenna 73,1 prósent. Mest er atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 35–54 ára og minnst á meðal fólks á aldrinum 55–64 ára. Þótt atvinnuþátttaka sé minnst í aldurshópnum 55–64 ára jókst hún um tæp 10 prósent frá 2009 til 2021. Atvinnuþátttaka þessa aldurshóps var því 73,8 prósent árið 2021. Staðan hefur örlítið versnað frá útkomu grunnskýrslunnar.

Úrlausnarefni eru einnig til staðar varðandi *störf í hringrásarhagkerfinu*. Þrátt fyrir að Norðurlönd standi betur að vígi en samanburðarríkin bendir áfangaskýrslan til þess að þróunin muni standa í stað sé horft til ársins 2030. Það er því ekki útlit fyrir að Norðurlöndum takist að ná settum markmiðum fyrir árið 2030 miðað við óbreytta þróun. Þessu var eins farið í grunnmælingunni.

Á heildina litið hefur hagvöxtur verið jákvæður á Norðurlöndum frá 2008. Þó má sjá greinilega dýfu í vergri þjóðarframleiðslu árið 2020²⁶ sem sennilega má rekja til heimsfaraldurs kórónuveiru. Norðurlönd náðu sér þó fljótt á strik aftur og hagvöxtur var 4,4 prósent árið 2021 og núverandi staða uppfyllir því markmiðin. Leitni varðandi hagvöxt er þó neikvæð en hafa ber í huga að hún er byggð á einföldum framreikningi.

26. mælt í árlegum vexti vergrar þjóðarframleiðslu, fast verð

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Nordic and North European Flatfish Value Chains (2022): <https://www.norden.org/is/node/77375>
- Attraktive Erhvervsuddannelser i Norden (2023): <https://www.norden.org/is/node/78578>
- Combatting long-term unemployment among immigrants beyond the COVID-19 pandemic - Experiences from the Nordic countries (2022): <https://www.norden.org/is/node/76016>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Nýsköpun og uppbygging

Norðurlönd eru í fararbroddi á sviði stafvæðingar og grænt hugvit sækir í sig veðrið

Fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs	Einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni	Digital Economy and Society Index (DESI)
		

Við blasir jákvæð mynd varðandi meginmarkmiðið *nýsköpun og uppbygging*. Norðurlönd eru leiðandi á sviði *stafvæðingar og fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs* eru há. Búist er við því að Norðurlönd nái settum markmiðum fyrir alla þrjá þróunarvísana fyrir árið 2030, að því gefnu að þróunin verði óbreytt. Staðan er því sú sama og við útkomu grunnskýrslunnar.

Staðan varðandi *fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs* er góð enda uppfylla Norðurlönd nú þegar markmið sín. Jöfn þróun hefur verið á þessu sviði á Norðurlöndum frá árinu 2003 en framlög til rannsókna og þróunarstarfs hafa verið á milli 2,6 og 2,8 prósent af vergri þjóðarframleiðslu á ári. Framlög hafa því verið hærri á Norðurlöndum en í samanburðarríkjunum þótt forskotið hafi minnkað frá árinu 2003. Haldist núverandi leitni óbreytt munu Norðurlönd einnig uppfylla markmið sín árið 2030. Norðurlönd standa því áfram vel að vígi á þessu sviði, rétt eins og þegar grunnskýrslan kom út.

Þegar litið er til *einkaleyfisumsókna á sviði grænnar tækni*²⁷ eru Norðurlönd á rétttri leið eins og sakir standa. Jákvæð leitni var á tímabilinu 2005 til 2019 þegar einkaleyfaumsóknum á sviði grænnar tækni fjölgaði um rúmlega helming. Árið 2020 mátti þó sjá greinilega dýfu sem líkast til má rekja til heimsfaraldurs kórónuveiru. Almennt standa Norðurlönd betur að vígi en samanburðarríkin þar sem einnig mátti sjá greinilegan samdrátt árið 2020. Gera má ráð fyrir því að markmiðin náist fyrir árið 2030 verði leitni með óbreyttum hætti. Myndin er því sú sama og dregin var upp í grunnskýrslunni.²⁸

Þegar kemur að *Digital Economy and Society Index (DESI)*²⁹ standa Norðurlönd frammi fyrir áskorunum og uppfylla ekki markmið sín. Þróunarvísirinn á þessu sviði miðast við hæsta punkt DESI-vísitölunnar. Miðað við það geta Norðurlönd enn gert betur. Jákvæð þróun hefur orðið á þessu sviði á svæðinu frá árinu 2017. Það á einnig við um samanburðarríkin en Norðurlönd standa þó nokkuð betur að vígi en þau. Haldi þróunin áfram með óbreyttum hætti er útlit fyrir að Norðurlönd muni ná markmiðum sínum árið 2030. Séu niðurstöðurnar bornar saman við grunnskýrsluna eru þær í mörgum tilvikum þær sömu.

27. Gögn til og með 2020.

28. Frávik frá grunnskýrslunni (2021) má rekja til þess að gögn í grunnskýrslunni byggðust á framreikningi fram til 2019. Raungögn sem nú eru aðgengileg gefa jákvæðari mynd af árinu 2019.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Cross-border transport infrastructure planning in the Nordic Region. An introduction (2023): <https://www.norden.org/is/node/78649>
- Distributed Flexibility – Lessons learned in the Nordics (2022): <https://www.norden.org/is/node/73297>
- Scaling up Nordic impact through public procurement – A review of literature (2023): <https://www.norden.org/is/node/79218>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Sjálfbærar borgir og samfélög

Norðurlönd standa frammi fyrir áskorunum en búa einnig yfir styrk

Almenningssamgöngur	Svifryksmengun í þéttbýli	Opin svæði á þéttbýlissvæðum
		

Á heildina litið birtist frekar jákvæð mynd þegar kemur að sjálfbærni borga og samfélaga á Norðurlöndum. Loftgæði hafa batnað í borgum en enn eru til staðar áskoranir tengdar því að fá Norðurlandabúa til þess að velja almenningssamgöngur á borð við strætisvagna og lestir. Í grunnskýrslunni kom fram að þessir tveir vísar gæfu aðeins takmarkaða mynd af sjálfbærni borga og samfélaga og það sama er uppi á teningnum í þessari áfangaskýrslu.

Norðurlönd standa enn frammi fyrir áskorunum varðandi notkun *almenningsamgangna* meðal íbúa. Þróunin hefur svo gott sem staðið í stað undanfarin 20 ár. Á tímabilinu 1996–2019 nam notkun strætisvagna og lesta um 15–18 prósentum allra farþegaflutninga á Norðurlöndum. Árið 2020 mátti sjá greinilegan samdrátt niður í 12,7 prósent sem að öllum líkindum má rekja til heimsfaraldurs kórónuveiru. Almennt er sú mynd sem brugðið er upp af þessu sviði á Norðurlöndum sú sama og í samanburðarríkjunum sem einnig upplifðu samdrátt í notkun almenningssamgangna árið 2020. Það bendir til þess að um sé að ræða sameiginlegan vanda margra ríkja við að fá almenning til þess að velja almenningssamgöngur fram yfir einkabílinn. Miðað við leitni þróunarvísanna munu Norðurlönd ekki ná settum markmiðum fyrir árið 2030. Hraða þarf þróuninni til þess markmiðin náist. Svólitil bæting hefur orðið frá útkomu grunnskýrslunnar³⁰ en hún dugir þó ekki til þess að ná markmiðunum, hvorki núna né árið 2030.

Bjartari mynd er dregin upp varðandi *svifryksmengun í þéttbýli* en á því sviði uppfylla Norðurlönd nú þegar markmið sín. Frá árinu 2012 hefur svifryksmengun á heildina litið minnkað á Norðurlöndum og þar standa þau töluvert betur að vígi en samanburðarríkin. Haldist þróunin með óbreyttum hætti er útlit fyrir að markmiðin verði einnig uppfyllt árið 2030. Það er óbreytt staða frá útkomu grunnskýrslunnar.

Gögn fyrir þriðja þróunarvísinn, *opin svæði á þéttbýlissvæðum*, eru ekki tiltæk eins og sakir standa og því var ekki unnt að fjalla um þróun mála á því sviði. Því var eins farið við grunnmælinguna.

30. Gögn til og með 2020.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Value Chains and Resilient Coastal Communities in the Nordic Atlantic (2022): <https://www.norden.org/is/node/77555>
- Stadsgrönska och ekosystemtjänster – en nordisk verktygslåda för grönblå strukturer (2022): <https://www.norden.org/is/node/77185>
- Delaktighet i kulturlivet i Norden - En kunskapsöversikt med utgångspunkt i kulturvaneundersökningar och forskningen om kulturpolitik (2022): <https://www.norden.org/is/node/77553>
- Policy Brief: Nordic Cities – Green, Resilient, Healthy - Fostering national policies and initiatives for urban green space (2022): <https://www.norden.org/is/node/74802>
- Arctic Tourism in Times of Change (2022): <https://www.norden.org/is/node/70703>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Frjáls för á Norðurlöndum

Efla þarf fólksflutninga á milli Norðurlandanna en að öðru leyti er markmið um samþætt Norðurlönd uppfyllt

Fólksflutningar milli Norðurlandanna	Innflutningur milli Norðurlanda	Vinna sem sótt er yfir landamæri
		

Almennt séð er brugðið upp jákvæðri mynd af *frjálsri för* innan Norðurlanda. Áfangaskýrslan sýnir að þörf er á að efla fólksflutninga á milli Norðurlandanna en á því sviði eru áskoranir til staðar auk þess sem leitnin er neikvæð. Þróunin er óbreytt frá útkomu grunnskýrslunnar.³¹

Enn eru óleyst úrlausnarefni í tengslum við *fólksflutninga á milli Norðurlandanna*. Sögulegt hámark náðist árið 2011 þegar fólksflutningar á milli Norðurlandanna voru með mesta móti. Frá 2011 til 2021 var þróunin neikvæð og fyrir vikið er staða fólksflutninga á milli Norðurlanda nú sambærileg við það sem lægst var árið 1992. Leitnin er samkvæmt áfangaskýrslunni neikvæð og haldi svo fram sem horfir munu Norðurlönd standa frammi fyrir enn meiri áskorunum árið 2030 ætli þau að ná settum markmiðum. Myndin er því óbreytt frá útkomu grunnskýrslunnar.

Útlitið er bjartara varðandi *innflutning milli Norðurlanda* þar sem markmiðin eru nú þegar uppfyllt. Innflutningur norrænna landa frá öðrum Norðurlöndum hefur verið tiltölulega stöðugur á bilinu 20–24% undanfarin 20 ár, með smávægilegri leitni niður á við. Engu að síður bendir leitnin til þess að Norðurlönd muni ná markmiðum sínum á þessu sviði árið 2030. Sama niðurstaða fékkst við grunnmælinguna.

Útlitið er einnig gott þegar kemur að *vinnu sem sótt er yfir landamæri*. Norræni þróunarvisirinn á þessu sviði byggist á ferðalögum til og frá vinnu á milli Danmerkur og Svíþjóðar á Eyrarsundssvæðinu.³² Því er í raun ekki um að ræða mat sem nær yfir stöðuna á Norðurlöndum í heild sinni. Sem stendur er nýleg tölfræði um ferðalög til og frá vinnu yfir landamæri á Norðurlöndum ekki tiltæk. Norrænu hagstofunnar eru að skoða þann möguleika að koma upp föstu samstarfi um hagtölur á landamærasvæðum fyrir Norðurlönd í heild. Sú jákvæða mynd af vinnu þvert á landamæri sem dregin er upp er því háð því við hvað er miðað. Í þessari skýrslu er miðað við sögulegt hámark sem var árið 2015. Frá árinu 1997 til 2008 jukust samgöngur vegna vinnu yfir landamæri jafnt og þétt á Eyrarsundssvæðinu en eftir það hefur þróunin staðið í stað þannig að staðan árið 2023 er svipuð og 2010. Leitnin er ögn hækkandi.

31. Mismunur varðandi ferðalög til og frá vinnu yfir landamæri miðað við grunnskýrsluna (2021) skýrist af því að gögn hafa verið uppfærð og unnin með ítarlegri hætti. Jafnframt skýrist munurinn á skýrslunum tveimur af því að hámarkið (í sögulegu samhengi) er nú annað en það var í skýrslunni frá 2021 (einnig vegna rofs í gögnunum). Uppfærð gögn sem nú eru aðgengileg gefa jákvæðari mynd af árinu 2019.

32. Mismunur miðað við grunnskýrsluna (2021) skýrist af því að gögn hafa verið uppfærð og unnin með ítarlegri hætti. Jafnframt skýrist munurinn á skýrslunum tveimur af því að hámarkið (í sögulegu samhengi) er nú annað en það var 2021 (einnig vegna rofs í gögnunum). Uppfærð gögn sem nú eru aðgengileg gefa jákvæðari mynd af árinu

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Baseline study of cross-border data exchange in the Nordic and Baltic countries (2021): <https://www.norden.org/is/node/68876>
- Re-start competence mobility in the Nordic Region (2022): <https://www.norden.org/is/node/78182>
- Kartläggning av gränshinder för nordiskt kulturutbyte (2022): <https://www.norden.org/is/node/77167>
- Ársskýrsla Stjórnsýsluhindranaráðsins 2022 (2023): <https://www.norden.org/is/node/79648>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>



Mynd: Common Ground Media

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að skapa samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir, sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Áfangaskýrslan sýnir að þegar á heildina er litið eru Norðurlönd á góðri leið með að uppfylla markmið sín um að verða félagslega sjálfbært svæði. Norðurlönd einkannast af góðri heilsu íbúa, mikilli atvinnuþátttöku, trausti og lágrí glæpatíðni.

Enn má þó gera betur á ýmsum sviðum, einkum að því er varðar jafnrétti kynjanna, vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES og mat íbúa á eigin líðan. Frá útkomu grunnskýrslunnar hefur myndin varðandi þetta áherslusvið ekki breyst nógu mikið til þess að neinir þróunarvísar hafi skipt um lit.³³

Myndin sýnir stöðu og leitni þróunarvísanna 15 á áherslusviðinu Félagslega sjálfbær Norðurlönd.

33. Samanborið við uppfærða yfirlitsmynd.

Heilsa og vellíðan	Ævilíkur	Mat á eigin heilsu	Dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna
Jafnrétti kynjanna	Kynjaskiptur vinnumarkaður	Þátttaka feðra í fæðingarorlofi	Hluttur kvenna á þjóðþingum
Aukinn jöfnuður	Efnalegur ójöfnuður	Hætta á fátækt og félagslegri einangrun	Vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES
Friður, réttlæti og traustar stofnanir	Samfélagslegt traust	Kosningaþátttaka	Afbrot, ofbeldi og eignaspjöll
Öflugra menningarstarf	Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum	Opinber útgjöld til menningarmála	Menningarútgjöld heimila

Þú finnur talnagögn á bak við vísana hér: <https://www.nordicstatistics.org/areas/nordic-indicators-for-our-vision-2030/>

Staða	Leitniörvar
Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
Enn eru ýmis óleyst úrlausnarefni	Umbætur eru í meðallagi
Enn eru umtalsverð úrlausnarefni óleyst	Þróunin telst standa í stað
Mikill fjöldi úrlausnarefna er enn óleystur	Þróunin stefnir í ranga átt

Áfangaskýrslan sýnir í meginatriðum að almenningur á Norðurlöndum býr við góða heilsu. Vellíðan og heilbrigði er ríkjandi meðal íbúa, sem verða æ langlífari og sífellt færri verða sjúkdómum, sem hægt er að fyrirbyggja og meðhöndla, að bráð. Þess vegna stingur sérstaklega í augu að sjá að mat Norðurlandabúa á eigin heilsu hefur versnað undanfarin ár.

Áfangaskýrslan bendir til þess að Norðurlönd eigi enn mikið verk fyrir höndum varðandi jafnrétti kynjanna. Einkum er það í tengslum við kynjaskiptan vinnumarkað og þátttöku feðra í fæðingarorlofi sem langt er í land og ekki er heldur útlit fyrir að markmiðin náist fyrir 2030 í þeim efnum. Útlitið er bjartara varðandi hlutfall kvenna á norrænu þjóðþingunum þar sem markmiðum hefur nú þegar verið náð.

Almennt einkennast Norðurlönd af miklum jöfnuði og lítilli hættu á fátækt og félagslegri einangrun. Þannig uppfylla Norðurlönd nú þegar markmiðin á þessu sviði. Norðurlönd glíma þó við mikinn vanda að því er varðar vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda, einkum kvenna, frá löndum utan EES. Leitnin bendir til þess að ástandið muni versna enn frekar og því liggur fyrir að mikið verk er fyrir höndum eigi markmið að nást á þessu sviði fyrir árið 2030.

Norðurlönd standa vel að vígi þegar kemur að samfélagslegu trausti og verði þróunin með sama hætti munu markmiðin nást fyrir 2030. Hins vegar hafa markmið ekki náðst varðandi kosningaþátttöku og afbrot, ofbeldi og eignaspjöll og ekki er útlit fyrir að svo verði árið 2030. Hér birtist því blendin mynd þar sem enn er verk að vinna eigi markmiðin að nást.

Staða varðandi menningarmál er einnig blendin. Opinber útgjöld til menningarmála og menningarútgjöld heimila uppfylla markmiðin bæði sem stendur og til lengri tíma lítið en innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum gerir það aftur á móti hvorki núna né þegar horft er til ársins 2030 miðað við núverandi þróun.

Hér fer á eftir lýsing á stöðu og þróun mála að því er varðar markmiðin á þessu málefnasviði.

Heilsa og vellíðan

Norðurlönd standa vel að vígi en þróunin varðandi mat á eigin heilsu stendur í stað

Ævilíkur	Mat á eigin heilsu	Dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Heilsa og vellíðan* sýna almennt jákvæða mynd af heilsu og vellíðan og dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna, bæði eins og sakir standa og ef horft er til ársins 2030. Mat Norðurlandabúa á eigin heilsu uppfyllir þó sem stendur ekki markmiðin og leitnin fyrir þann þróunarvísi stendur í stað. Staðan varðandi markmiðið er óbreytt frá útkomu grunnskýrslunnar.

Staðan varðandi ævilíkur er góð. Meðalævilengd Norðurlandabúa er 82,6 ár og því er markmiðinu nú þegar náð. Frá árinu 2019 hefur meðalævi Norðurlandabúa lengst um 0,6 ár. Sé litið til skiptingar á milli kynjanna sýna gögnin að konur lifa að meðaltali í 84,4 ár en karlar 80,6. Leitnin er sömuleiðis jákvæð og haldist hún óbreytt verður meðalævilengd Norðurlandabúa 84,8 ár árið 2030. Því munu Norðurlönd einnig uppfylla markmiðið árið 2030.

Tiltölulega jákvæð mynd birtist af *mati Norðurlandabúa á eigin heilsu* (líkamlegri og andlegri). Norðurlönd standa samanburðarríkjunum framar en þó eru enn einhver úrlausnarefni sem takast þarf á við áður en markmiðin nást. Mat á eigin heilsu er breytilegt eftir kyni og einnig eftir búsetu annars vegar í þéttbýli og hins vegar dreifbýli. Karlmenn meta eigin heilsu almennt betri en konur. Þá sýna gögnin að mat almennings á eigin heilsu fer versnandi með hækkandi aldri. Um 30 prósent þeirra sem náð hafa 85 ára aldri meta heilsu sína sem góða eða mjög góða en um 66 prósent í aldurshópnum 16–24 ára. Einnig kemur fram munur eftir búsetu, þ.e. á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Hærra hlutfall íbúa í þéttbýli metur heilsu sína góða eða mjög góða, samanborið við íbúa í dreifbýli. Þróunin stendur í stað og hefur tilhneigingu til að leita ögn niður á við og því munu Norðurlönd væntanlega ekki uppfylla markmið sín árið 2030.

Staða varðandi *dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna* er jákvæð og Norðurlönd uppfylla nú þegar markmið sín. Sem stendur deyja 182 af hverjum 100 þúsund einstaklingum fyrir 75 ára aldur vegna sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna. Dánartíðnin hefur lækkað jafnt og þétt frá því mælingar hófust árið 2011. Þessi jákvæða þróun þýðir jafnframt að búast má við því að Norðurlönd uppfylli einnig markmið sín árið 2030.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- A cross-Nordic Mapping of Associative Factors to the increase of Mental Distress Among Youth – Nordic co-operation on young people's mental health (2022): <https://www.norden.org/is/node/72523>
- Cross-Nordic collaboration and practice examples – Nordic co-operation on young people's mental health (2022): <https://www.norden.org/is/node/72524>
- Alcohol and drug prevention in the Nordic countries – A conference report (2023): <https://www.norden.org/is/node/77850>
- Bryts isoleringen? Erfarenheter av digitala verktyg inom äldreomsorgen i tre svenska kommuner (2022): <https://www.norden.org/is/node/77335>
- Health literacy in the Nordic countries - Not only a determinant of health, but also a tool for health promotion (2022): <https://www.norden.org/is/node/72989>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Jafnrétti kynjanna

Norðurlönd standa enn frammi fyrir töluverðum áskorunum í tengslum við jafnréttismál

Kynjaskiptur vinnumarkaður	Þátttaka feðra í fæðingarorlofi	Hluttur kvenna á þjóðþingum
		

Enn eru töluverð úrlausnarefni í tengslum við meginmarkmiðið *jafnrétti kynjanna*. Þótt markmiðið um hlutfall kvenna á þjóðþingum norrænu ríkjanna sé uppfyllt þarf að leysa úr úrlausnarefnum í tengslum við kynjaskiptan vinnumarkað, þar sem leitnin stendur í stað, og jafnframt auka enn þátttöku feðra í fæðingarorlofi.

Miklar áskoranir eru til staðar í tengslum við *kynjaskiptan vinnumarkað*.³⁴ 17,8 prósent vinnandi fólks á Norðurlöndum hefði þurft að skipta um starf til að jafna skiptingu karla og kvenna á vinnumarkaðnum. Þróunin á þessu sviði stendur auk þess í stað, þótt örlítið hafi þokast upp á við frá árinu 2019. Miðað við núverandi leitni munu Norðurlönd því ekki ná markmiðum sínum fyrir árið 2030.

Lítill *þátttaka feðra í fæðingarorlofi* er sömuleiðis stórt úrlausnarefni. Árið 2021 nýttu feður um það bil 23 prósent af öllu fæðingarorlofi, samanborið við um það bil 20 prósent árið 2019. Haldist leitnin óbreytt mun hluttur feðra í fæðingarorlofi árið 2030 hafa tvöfaldast samanborið við árið 2009. Það dugir þó ekki til að uppfylla markmiðin og því þarf að auka þátttöku feðra í fæðingarorlofi enn frekar. Taka skal fram að búist er við því að innleiðing Work-life-balance tilskipunar ESB, sem samþykkt var árið 2019 og átti að innleiða í síðasta lagi 2022, muni hafa töluverð áhrif á þróunina í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð.

Staðan er jákvæð þegar litið er til fjölda *kvenna á þjóðþingum*. Árið 2022 voru konur 45,2 prósent norrænna þingmanna sem er svolítill aukning frá árinu 2019 þegar hlutfallið var 44,2 prósent. Norðurlönd uppfylla því sem stendur markmið sín á þessu sviði og munu einnig gera það árið 2030 haldist leitnin óbreytt. Eins og sakir standa er hluttur kvenna á norrænu þjóðþingunum hærri en í samanburðarríkjunum en sá munur mun minnka með tímanum miðað við leitnina.

34. Vísirinn er byggður á svonefndri „staðlaðri vísitölu“ (IP index) sem kennd er við Karmel og MacLachlan, en hana má túlka sem það hlutfall fólks á vinnumarkaði sem þyrfti að skipta um starf til að jafna að fullu hlut karla og kvenna í öllum atvinnugreinum.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Labour market attachment in the Nordic countries – Toward a more inclusive labour market in the Nordics? (2023): <https://www.norden.org/is/node/78925>
- Gender-equal pensions in the Nordics – What can the Nordic countries learn from each other in order to close the gender pension gap? (2023): <https://www.norden.org/is/node/78487>
- Monitoring Digital Inclusion in the Nordic-Baltic region (2022): <https://www.norden.org/is/node/70307>
- Gender in Nordic Blue Economies – Initial networking results and future academic research (2022): <https://www.norden.org/is/node/77293>
- Hatbrott mot LGBTI-personer i Norden. En kartläggning av strategier, arbetssätt och insatser: [Hatbrott mot LGBTI- personer i Norden](#)

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Aukinn jöfnuður

Jákvæð þróun varðandi efnalegan ójöfnuð en miklar áskoranir í tengslum við vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES arbeidsmarkedet

Efnalegur ójöfnuður	Hætta á fátækt og félagslegri einangrun	Vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES
		

Staðan varðandi markmiðið *Aukinn jöfnuður* sýnir að norræn samfélög einkennast almennt af litlum efnalegum ójöfnuði og lítilli hættu á fátækt og félagslegri einangrun. Þegar kemur að vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES standa Norðurlönd þó enn frammi fyrir áskorunum. Myndin er því sú sama og í grunnskýrslunni.

Að því er varðar *efnalegan ójöfnuð*, eins og hann mælist samkvæmt Gini-stuðli, standa Norðurlönd enn flestum öðrum ríkjum frammar. Þróunin hefur staðið í stað frá 2004 en ástandið hefur verið stöðugt og gott og því uppfylla Norðurlönd nú markmið sín á þessu sviði. Þrátt fyrir að leitnin bendi til þess að efnalegur ójöfnuður muni aukast ögn fram til ársins 2030 er það ekki nóg til þess að staðan breytist svo nokkru nemi. Þess vegna má einnig búast við því að Norðurlönd muni uppfylla markmið sín árið 2030 haldi þróunin áfram með óbreyttum hætti. Það sama var uppi á teningnum þegar grunnskýrslan kom út.³⁵

Áfangaskýrslan dregur upp jákvæða mynd þegar horft er til *hættu á fátækt og félagslegri einangrun*. Það hlutfall íbúa sem á fátækt og félagslega einangrun á hættu er 17,2 prósent sem er svipað og árið 2004. Norðurlönd uppfylla því markmiðin sem stendur. Lítil sem enginn munur er á milli kynjanna í þessum efnum. Hins vegar má sjá mun á milli aldurshópa en 31,2 prósent þeirra sem eru 16–24 ára og 37,3 prósent þeirra sem eru 25–54 ára eiga fátækt og félagslega einangrun á hættu, samanborið við eldri aldurshópinn, þ.e. fólks 55 ára og eldri, þar sem hlutfallið er aðeins 15,6 prósent. Leitnin er ögn niður á við en haldist hún óbreytt er engu að síður útlit fyrir að Norðurlönd nái markmiðum sínum árið 2030. Staðan er því ögn jákvæðari en hún var þegar grunnskýrslan kom út.

Varðandi *vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES* er brýnn vandi á ferðum. Þróunin hefur lítið breyst frá því mælingar hófust árið 2006 og er munurinn á atvinnuþátttöku fólks eftir uppruna enn um 17 prósent. Einnig liggur mikill vandi í þeim skýra kynjamun sem fram kemur í þessum efnum en munurinn á atvinnuþátttöku kvenna eftir því hvort þær rekja uppruna sinn til lands innan eða utan EES er 22 prósent en tólf prósent meðal karla. Konur frá löndum utan EES standa því sérlega höllum fæti á

vinnumarkaði. Leitnin bendir jafnframt til þess að þróunin muni standa í stað fram til 2030 og Norðurlönd muni þar með ekki uppfylla markmið sín á þessu sviði.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Combatting long-term unemployment among immigrants beyond the COVID-19 pandemic – Experiences from the Nordic countries (2022): <https://www.norden.org/is/node/76016>
- Gender-equal pensions in the Nordics – What can the Nordic countries learn from each other in order to close the gender pension gap? (2023): <https://www.norden.org/is/node/78487>
- Labour market attachment in the Nordic countries – Toward a more inclusive labour market in the Nordics? (2023): <https://www.norden.org/en/publication/labour-market-attachment-nordic-countries>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

35. <https://cepos.dk/abcepos-artikler/0004-danmark-har-den-7-laveste-ulighed-blandt-oecd-landene>

Friður, réttlæti og traustar stofnanir

Samfélagslegt traust er mikið á Norðurlöndum en enn má gera betur þegar kemur að kosningapátttöku og því að fyrirbyggja afbrot, ofbeldi og eignaspjöll

Samfélagslegt traust	Kosningapátttaka	Afbrot, ofbeldi og eignaspjöll
		

Þróunarvísarnir þrír sem tengjast markmiðinu Friður, réttlæti og traustar stofnanir sýna að norræn samfélög einkennast af miklu *samfélagslegu trausti* en að enn séu til staðar áskoranir varðandi stöðu og leitni vegna *kosningapátttöku* og *afbrot, ofbeldis og eignaspjalla*. Á heildina litið er staðan varðandi þetta meginmarkmið meira og minna óbreytt frá útkomu grunnskýrslunnar.

Sem stendur mælist *samfélagslegt traust* þannig á meðal Norðurlandabúa að markmiðin eru uppfyllt. Almennt hefur samfélagslegt traust á Norðurlöndum mælst stöðugt frá því mælingar hófust árið 2002.

Norðurlönd standa samanburðarríkjunum frammar á þessu sviði, bæði núna og miðað við framreikning fram til ársins 2030. Ekki er heldur að sjá mikinn mun á milli kynja. Útlit er fyrir að Norðurlönd muni einnig uppfylla markmið sín árið 2030 haldist þróunin óbreytt. Ekki liggja fyrir gögn eftir aldri og búsetu.

Kosningapátttaka er tiltölulega góð þegar kosið er til norrænu þjóðþinganna, eða 75 prósent, en enn má gera betur. Norðurlönd standa þarna betur að vígi en samanburðarríkin þar sem kosningapátttaka er 60 prósent (2021). Þróunin á Norðurlöndum stendur þó í stað og útlit er fyrir svolitinn samdrátt. Því er ekki gert ráð fyrir því að Norðurlönd muni uppfylla markmið sín árið 2030 haldist þróunin óbreytt.

Norðurlönd eru á réttri leið þegar kemur að því að lækka hlutfall íbúa sem lýsa áhyggjum af *afbrotum, ofbeldi og eignaspjöllum*.³⁶ Samkvæmt áfangaskýrslunni á þetta við um um það bil 7,7 prósent Norðurlandabúa. Hin jákvæða þróun dugar þó ekki til þess að Norðurlönd uppfylli markmið sín, hvorki nú né árið 2030 haldist leitnin með sama hætti. Því eru enn úrlausnarefni til staðar á þessu sviði þótt Norðurlönd standi ögn betur að vígi en þegar grunnskýrslan kom út.

36. Á við um aðstæður þar sem íbúar upplifa að afbrot, ofbeldi eða eignaspjöll skapi vandamál fyrir heimilið en ekki endilega að um sé að ræða persónulega reynslu eða ofbeldi í nánum samböndum. Nánari upplýsingar: <https://www.norden.org/is/declaration/framtidarsyn-okkar-2030>

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- A Nordic approach to democratic debate in the age of Big Tech – Recommendations from the Nordic Think Tank for Tech and Democracy (2023): <https://www.norden.org/is/node/80273>
- Everyday Life in the Culture of Surveillance (2023): <https://www.norden.org/is/node/79992>
- “When neo-Nazis march on Norwegian streets, you hear a lot of Swedish” – Pan-Nordic and transnational dimensions of right-wing extremism (2023): <https://www.norden.org/is/node/79974>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Öflugra menningarstarf

Mikið vantar upp á innflutning á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum

Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum	Opinber útgjöld til menningarmála	Menningarútgjöld heimila
		

Á heildina litið er dregin upp jákvæð mynd varðandi *öflugra menningarstarf* á Norðurlöndum. Markmið um bæði *opinber útgjöld til menningarmála* og *menningarútgjöld heimila* eru nú þegar uppfyllt. Markmið um *innflutning á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum* eru hins vegar ekki uppfyllt og þar er leitnin auk þess neikvæð. Sama mynd var dregin upp í grunnskýrslunni.

Innflutningur á menningarvörum (t.d. list og bókum) frá öðrum Norðurlöndum nam 20,2 prósentum af öllum innflutningi á menningarvörum á Norðurlöndum árið 2021, miðað við gögn frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Þetta er töluvert undir sögulegu hámarki sem var 31,7 prósent árið 2004. Almennt er leitnin auk þess áfram neikvæð og haldi svo fram sem horfir munu Norðurlönd því ekki ná settum markmiðum fyrir árið 2030. Því eru enn óleyst úrlausnarefni á þessu sviði þrátt fyrir að mjakast hafi í rétta átt frá útkomu grunnskýrslunnar.

Þegar kemur að *opinberum útgjöldum til menningarmála* hafa Norðurlönd náð markmiðum sínum. Staðan hefur verið tiltölulega stöðug frá árinu 2005. Opinber útgjöld til menningarmála eru nokkru meiri á Norðurlöndum en í samanburðarríkjunum. Miðað við leitnina munu opinber útgjöld samanburðarríkjanna standa í stað í framtíðinni en hins vegar hækka á Norðurlöndum. Forskot Norðurlanda á samanburðarríkin mun því aukast og jafnframt mun settum markmiðum verða náð árið 2030.

Einnig blasir við að flestu leyti jákvæð mynd af *menningarútgjöldum heimila* en þar eru markmið uppfyllt eins og sakir standa. Miðað við leitnina munu útgjöld norrænna heimila til menningarmála aukast og því má gera ráð fyrir því að Norðurlönd uppfylli einnig markmiðin fyrir þennan þróunarvísi árið 2030.³⁷ Menningarútgjöld heimilanna hafa dregist ögn saman miðað við grunnskýrsluna en að öllum líkindum má rekja það til heimsfaraldurs kórónuveiru sem hafði í för með sér miklar lokanir á sviði menningarmála. Samdrátturinn er þó ekki það mikill að hann hafi áhrif á almennt góða stöðu.

37. Hafa ber í huga að leitnin tekur ekki mið af gögnum frá 2020 vegna kórónuveirufaraldursins.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Delaktighet i kulturlivet i Norden – En kunskapsöversikt med utgångspunkt i kulturvaneundersökningar och forskningen om kulturpolitik (2022): <https://www.norden.org/is/node/77553>
- Changing the system – promoting cultural sustainable development and diversity - Expert opinions from the Culture and Arts Policy Dialogues between Canada and the Nordics in 2021 (2022): <https://www.norden.org/is/node/71567>
- Cultural policy in the Nordic welfare states: aims and functions of public funding for culture (2022): <https://www.norden.org/is/node/69843>
- Konstens och kulturens frihet i Norden – En kunskapsöversikt med utgångspunkt i forskningen om kulturpolitik (2022): <https://www.norden.org/is/node/70835>

Meira áhugavert lesefni: <https://www.norden.org/is/publikationer>

Aðferð

Við vinnslu áfangaskýrslunnar notaði Rambøll Management Consulting sama matslíkan og þróað var í tengslum við grunnskýrsluna árið 2021. Í líkaninu er stuðst við alþjóðlega mælikvarða á sjálfbærni sem þróaðir voru á vegum Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og Bertelsmann Stiftung í tengslum við heimsmarkmiðin.

Matslíkanið var þróað í samstarfi við hóp sérfræðinga sem fenginn var til að rýna og sannreyna drög að því.

Nánari lýsing á matslíkaninu og vinnunni við þróun þess fer hér á eftir.

Samanburður við grunnskýrsluna

Þessi áfangaskýrsla er fyrsti þátturinn í samanburðinum fram til ársins 2030. Því verður áfangaskýrslan borin saman við grunnskýrsluna þar sem það er talið eiga við.

Við samanburð á niðurstöðum skýrslanna tveggja hvað varðar annars vegar *stöðu* og hins vegar *leitni* þarf þó að hafa ákveðna fyrirvara. Staða sumra þróunarvísanna í grunnskýrslunni byggðist á framreikningi á sögulegri þróun þar sem gögn fyrir grunnárið (2019) voru ekki til. Því kann lýsingin í grunnskýrslunni að vera frábrugðin því sem svo reyndin varð eftir útkomu skýrslunnar.

Stundum hefur því kvörðun einstakra þróunarvísa, og í einhverjum tilvikum stigagjöfin með umferðaljósakerfinu, þróast með öðrum hætti en matslíkanið gerði ráð fyrir samkvæmt grunnskýrslunni. Það þýðir ekki að ekki beri að taka mark á grunnskýrslunni. Öðru nær. Það sýnir að við höfum öðlast betri þekkingu og skilning á aðstæðunum frá síðustu skýrslu. Þegar niðurstöður grunnskýrslunnar eru frábrugðnar því sem fram kemur í fylgiskjali 3 er það tekið fram í neðanmálsgreinum í þessari áfangaskýrslu. Að auki inniheldur fylgiskjal 3 töflur með uppfærðum mælingum ásamt leitni úr grunnskýrslunni.

Matslíkanið sem notað var er viðkvæmt fyrir því hvaða mörk eru valin og mjög háum eða lágum gildum á hvorum enda. Hafi sögulegt hámark eða lágmark og/eða gildi þeirra EES- eða OECD-landa sem best standa sig breyst mikið á milli grunnskýrslunnar og áfangaskýrslunnar hefur það áhrif á matslíkanið og þar með samanburðargrundvöllinn.

Í þeim tilvikum þegar COVID-19 (eða aðrar óvenjulegar aðstæður) skekkja myndina af raunverulegri leitni verða slík tilvik ekki tekin með við útreikning á leitninni. Þess er þá einnig getið í neðanmálsgreinum.

Matslíkanið

A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarkna: Til þess að gera grunnstöðu og framvindu að því er varðar hvern þróunarvísanna 45 mælanlegar eru ákvörðuð efri og neðri viðmiðunarmörk (sjá fylgiskjal 2). Í því skyni er notast við fjögurra þrepa líkan auk þess sem byggt er á þeim meginsjónarmiðum að mælingin eigi að vera vönduð og raunsæ og hafa þýðingu í norrænu samhengi. Þrepin fjögur sem notuð eru til að ákveða viðmiðunarmörkin eru þessi: 1) markmið Norðurlandanna hvers um sig (vegin eftir fólksfjölda), 2) heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eða önnur alþjóðleg markmið sem Norðurlönd hafa gengist undir, 3) besti árangur meðal aðildarríkja Evrópusambandsins eða OECD eða á Norðurlöndum og 4) tæknileg jaðarmörk kvarðans.

B: Kvörðun og stigagjöf með umferðarljósakerfi: Framsetning á stöðu mála hverju sinni og framgangi settra markmiða miðast við kvörðunar- og litaaðferðina sem notuð er í árlegri skýrslu um árangur ríkja við innleiðingu heimsmarkmiðanna, „SDG Development Report“ (SDR). Bilið milli efri og neðri viðmiðunarmarkna er kvarðað frá 0–100 og stig síðan gefin á því bili að lokinni skiptingu þess í fjóra jafnstóra fjórðunga. Loks er „umferðarljósakerfi“ notað til að sýna grunnstöðu og leitni þróunarvísins:

Staða: Grænt samsvarar stigagjöf frá 75,1–100, gult stigagjöf frá 50,1–75, rauðgult stigagjöf frá 25,1–50 og rautt stigagjöf frá 0–25.

Leitniörvar: Byggt er á einföldum framreikningi á leitni síðustu ára og því má aðeins líta á örvarnar sem lauslega vísbendingu um hvert stefnir. Græn ör merkir að vísirinn verður á græna svæðinu árið 2030 (75,1–100 stig), gul ör að samkvæmt framreikningi færist vísirinn upp á við (>0,5%) en ekki nægilega hratt til að komast á græna svæðið árið 2030, rauðgul ör að vísirinn stendur í stað (–0,5–0,5%) og rauð ör að þróunin er niður á við (>0,5%).

C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs: Komið er upp samanburðarviðmiði fyrir upphafsstöðu Norðurlandanna og framgang markmiða fyrir hvern þróunarvísi á grundvelli gagna um þau fimm OECD-ríki sem bestum árangri hafa náð og geta talist sambærileg við Norðurlönd. Settur er saman hópur samanburðarríkja fyrir hvert áherslusviðanna þriggja. Hópurinn er uppfærður fyrir hverja mælingu þannig að samanburðarríkin passi sem best við stöðuna hverju sinni. Þess vegna er ekki endilega um sömu samanburðarríki að ræða í grunnskýrslunni og áfangaskýrslunum.


D: Mat á mismun hópa og svæða: Metinn er munur eftir kyni, aldri og/eða búsetu að því er varðar þróunarvísa sem slík gögn liggja fyrir um. Matið byggist á Theil-vísitölu auk þess sem notuð eru önnur töluleg gögn. Matið er eingöngu lýsandi.

Litir eru notaðir til að gefa niðurstöður stöðumatsins til kynna og örvar sýna leitni þróunarvísanna. Merking litanna er sem hér segir:

A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarka fyrir hvern þróunarvísi Norrænu ráðherranefndarinnar

Líkanið miðast við að nota megi skýr og mælanleg viðmiðunarmörk fyrir hvern hinna 45 þróunarvísa til að leggja mat á stöðu mála áður, nú og í framtíðinni. Í því skyni er nauðsynlegt að ákvarða töluleg efri og neðri mörk fyrir hvern vísu. Efri mörkin eru ákveðin á grundvelli þrepalíkans sem sniðið er eftir aðferðinni sem þróuð var í tengslum við „SDG Development Report“ (SDR). Þrepalíkanið hefur að geyma fjórar mismunandi aðferðir til að ákveða viðmiðunarmörkin, og er aðferðin á efsta þrepinu notuð ef henni verður við komið. Að öðrum kosti er notuð aðferðin á næsta þrepi fyrir neðan o.s.frv. Um er að ræða aðferðir til að ákveða viðmiðunarmörk sem tíðkast bæði á alþjóðavísu og á Norðurlöndum. Með þessu er tryggt að stöðumatið sé byggt á almennt viðurkenndum viðmiðum.


Hér fyrir neðan sést myndræn framsetning á þrepalíkaninu sem notað er til að ákveða efri viðmiðunarmörkin.



Neðri viðmiðunarmörkin eru ákveðin annað hvort á grundvelli vegins meðalgildis þeirra aðildarríkja Evrópusambandsins eða OECD sem lakast standa, tæknilegs lágmarksgildis vísisins eða lakasta árangurs sem Norðurlönd hafa náð sem heild. Við ákvörðun þeirra er tekið mið af efri viðmiðunarmörkunum og þeim markmiðum sem talist geta góð, raunhæf og gagnleg fyrir þróunarvísinn í norrænu samhengi.

B: „Umferðarljósakerfi“ líkansins til að sýna stöðu og þróun

Næsta stoð í líkaninu felur í sér endurkvörðun efri og neðri marka hvers þróunarvísis (eins og þau voru ákvörðuð í stoð A) eftir kvarða frá 0–100. Á grundvelli þess kvarða er staða vísisins með tilliti framgangs markmiða og þróunar síðan sýnd með þrepaskiptum litakóða („umferðarljósum“). Litirnir gefa til kynna hversu „langt“ norrænu ríkin eru frá því, sem heild, að ná efri viðmiðunarmörkunum. Kvörðunaraðferðin og litaskiptingin byggist á nálgun Sustainable Development Solutions Network (SDSN) og Bertelsmann Stiftung í skýrslunni „SDG Development Report“ sem út kemur árlega (SDR). Kvarðanum 0–100 er skipt í fjóra jafnstóra fjórðunga eins og sýnt er hér fyrir neðan.



Leitniörvar: Auk þess að sýna með litum hvernig Norðurlönd standa að því er varðar stigagjöf fyrir hvern þróunarvísi fer fram einfaldur framreikningur á þróun síðustu ára til að gefa hugmynd um hvert stefnir. Niðurstaða þess framreiknings er gefin til kynna með ör sem sýnir bæði með stefnu og lit hvort núverandi þróun er til marks um að settu markmiði verði náð árið 2030. Þetta má nota sem vísbendingu um hvort aðgerðir norrænu ríkjanna hafa skilað tilætluðum árangri, en einnig hvort þörf er á nýjum eða betri aðgerðum til að vinna að markmiðinu. Litur hvernar örvar ræðst af eftirtöldum viðmiðum:

Græn ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar niðurstöðu á græna svæðinu (75,1–100%). Þróunin telst þá stefna í rétta átt.

Gul ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar jákvæðri niðurstöðu, þ.e. aukningu sem nemur meira en 0,5% en er þó ekki nægileg til að vera innan græna svæðisins, þ.e. 75,1–100% árið 2030. Þróunin telst þá hóflega jákvæð.

Rauðgul ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar niðurstöðu sem samsvarar stöðnun, þ.e. breytingu innan markanna -0,5% til 0,5% prósentustig. Þróunin telst þá standa í stað.

Rauð ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar neikvæðri niðurstöðu, þ.e. samdrætti sem nemur meira en 0,5%. Þróunin stefnir þá í ranga átt.

Merking litanna er sem hér segir:

Staða	Leitniörvar
 Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	 Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
 Enn eru ýmis óleyst úrlausnarefni	 Umbætur eru í meðallagi
 Enn eru umtalsverð úrlausnarefni óleyst	 Þróunin telst standa í stað
 Mikill fjöldi úrlausnarefna er enn óleystur	 Þróunin stefnir í ranga átt

C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs (samanburðarríki)

Auk þess að sýna stöðu og þróun stigagjafar Norðurlanda samkvæmt hverjum hinna 45 þróunarvísa Norrænu ráðherranefndarinnar er einnig notað samanburðarviðmið þar sem stigagjöfin og þróun hennar er borin saman við stigagjöf og þróun tiltekins hóps samanburðarríkja. Með hliðsjón af því markmiði Norrænu ráðherranefndarinnar að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og best samþætta svæði heims er samanburðarviðmiðið ákveðið á grundvelli árangurs þeirra fimm aðildarríkja OECD sem best standa og teljast sambærileg við norrænu ríkin í þjóðhagslegum skilningi. Hugtakið „sambærileg“ vísar hér til þess að löndin mega aðeins vera lítillega frábrugðin Norðurlöndunum þegar horft er til ýmissa mikilvægra þjóðhagfræðilegra mælikvarða. Sérstakur hópur samanburðarríkja er notaður fyrir hvert áherslusvið. Samanburðarríki fyrir hvert áherslusvið hafa verið uppfærð frá grunnmælingunni en mestu leyti er um sömu lönd að ræða. Fimm samanburðarríki eru valin fyrir hvert áherslusvið á grundvelli raunhæfra þjóðhagslegra mælikvarða á borð við kaupmáttarjöfnuð, verga þjóðarframleiðslu á mann, fjárveitingar til heilbrigðis- og menntamála, ójöfnuð (Gini-stuðul) o.fl. Í samanburðarhópi hvers áherslusviðs eru þessi ríki:

Græn Norðurlönd: Austurríki, Þýskaland, Lettland, Litháen, Portúgal, Sviss og Bretland.

Samkeppnishæf Norðurlönd: Austurríki, Belgía, Holland, Kanada, Tékkland, Þýskaland og Frakkland.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Austurríki, Belgía, Tékkland, Kanada, Frakkland, Þýskaland og Holland.

D: Mat á mun eftir kyni, aldri og búsetu („Leave no one behind“)

Í síðustu stoð líkansins er metið hvort verulegur munur er á framgangi settra markmiða eftir aldurshópi, kyni eða búsetu í landinu, eftir því sem slíkur samanburður á við og þar sem gögn liggja fyrir. Þetta mat ber að skoða í samhengi við áherslu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á „Leave no one

behind" og tilgangurinn er að draga fram hvort þróunarvísirinn sem um ræðir tekur með fullnægjandi hætti tillit til stöðu allra samfélagshópa.

Greiningin miðast við Theil-vísitölu sem kemur að gagni við að meta umfang munar af þessu tagi. Theil-vísitala er sértílvik svonefndrar almennrar óreiðuvísitölu (generalised entropy index) og er reiknuð sem hér segir:

$$T = 1/N \sum_{i=1}^N y_i \ln y_i, \quad y_i \neq 0, y_i > 0, \quad T \in (0, \infty)$$

þar sem N er fjöldi flokka, t.d. héraða, y_i er breytan sem við viljum finna muninn á í „í-ta“ flokkinum, t.d. atvinnuþátttaka í „í ta“ héraðinu, en y - er meðalgildi allra flokkanna.

Ef enginn munur er fyrir hendi verður gildi vísitölunnar núll, $T=0$. Vísitalan hefur engin fræðileg efri mörk og gildi hennar getur því nálgast hið óendanlega, en í reynd ákvarðast efri mörkin af $\ln(N)/16$, sem nota má til að tákna fullkominn ójöfnuð.

Stofnanir á borð við OECD hafa notað svipaða aðferð til gera grein fyrir mun milli svæða og héraða. Vísitalan hefur meðal annars þann kost að hún gerir það kleift að bera þróunarvísa saman með tilliti til þess hversu mikinn mun eða ójöfnuð hver og einn þeirra sýnir.

Matið byggist á gögnum frá Norrænu ráðherranefndinni auk þess sem stuðst er við tölur úr viðurkenndum opinberum gagnagrunnum (gögn frá hagstofum Danmerkur og Noregs o.fl.).

Rýni áfangaskýrslunnar

Sérfræðingar frá ráðgjafastofunni Statisticon AB, sem sérhæfir sig í talnagögnum og vinnslu þeirra, uppfærðu gögnin sem skýrslan er byggð á.

Rambøll Management Consulting greindi gögnin með það fyrir augum að uppfæra stöðuna og sannreyndi niðurstöður í samráði við Statisticon og Norrænu ráðherranefndina varðandi hugsanleg aðferðafræðileg álítaefni.

Niðurstöður áfangaskýrslunnar, auk matslíkansins, voru kynntar fyrir Norrænu ráðherranefndinni sem gafst færi á að koma með athugasemdir. Endanleg skýrsla var ásamt uppfærðri og ítarlegri lýsingu á aðferðafræði afhent Norrænu ráðherranefndinni til notkunar við uppfærslu áfangaskýrslunnar síðar.

Fylgiskjal 1 – Norrænir þróunarvísar fyrir Framtíðarsýn okkar 2030 (Norræna ráðherranefndin)

A green Nordic Region

No.	Indicator	Description
Climate action (SDG 13)		
1.1.1	Emission of greenhouse gasses*13.2.2	The trend for total territorial greenhouse gas emissions (including international aviation).
1.1.2	Emission of consumptionbased GHGs*13.2.2 Data only available for Sweden at present.	The trend for total consumption-based greenhouse gas emissions.
1.1.3	Extent of Arctic ice	Number of km ² of the Arctic covered by ice.
Affordable and clean energy (SDG 7)		
1.2.1	Proportion of gross energy consumption provided by renewable energy*7.2.1	The proportion of gross energy from renewables.
1.2.2	Energy use in relation to GDP*7.3.1	The relationship between energy supply and economic output (GDP). A lower ratio indicates that less energy is used to produce one unit of GDP. GDP is expressed at fixed prices.
1.2.3	Emission intensity from greenhouse gases from energy use	Progress since 2000 on the relationship between energy-related greenhouse gas emissions and gross domestic energy consumption (in tonnes of CO ₂ equivalents).
Responsible consumption and production (SDG 12)		
1.3.1	Material footprint per inhabitant*8.4.1/12.2.1	The material footprint is the amount of primary material required to cater for a country's total material demands. The per capita material footprint describes the average material use for a country's total material demand.
1.3.2	Degree of recycling of municipal waste*12.5.1	The proportion of total generated municipal waste that is recycled.
1.3.3	Number of registered ecolabel licences	The number of registered licenses for the Nordic Swan ecolabel on 31 December each year.
Life on land (SDG 15)**		
1.4.1	Renewable energy share of the gross energy use*15.1.2	The proportion of land protected in accordance with Natura 2000 (Denmark, Finland, and Sweden); national parks, nature reserves, and protected habitats (Iceland); and national parks, nature reserves, and protected landscape areas (Norway).
1.4.2	Proportion of organic agricultural land*2.4.1	The proportion of agricultural land used for organic farming (productive and sustainable).
1.4.3	Common birds in agricultural landscapes*15.5.1	Common farmland bird index. An index of the presence of common birds in agricultural landscapes, selected by the national ornithology organisations. Index 2000 = 100.
Life below water (SDG 14)***		
1.5.1	Protected marine areas (total area)*14.5.1	Marine areas protected in accordance with Natura 2000

		(Denmark, Finland, and Sweden). Norway: Marine areas protected.
1.5.2	Eutrophication of the Baltic Sea* ^{14.1.1}	Tonnes of nitrogen and phosphorus added to the Baltic Sea p.a. The measurements are taken from seven areas, from the Gulf of Bothnia in the north to the Kattegat between Denmark and Sweden in the south. The measurement reflects the total added from the air and watercourses.
1.5.3	Fish stocks in the Arctic Ocean and the Barents Sea* ^{14.4.1}	Total stocks of cod, herring and blue whiting in the northeast Arctic and Barents Sea (thousands of tonnes).

** Linked to Zero Hunger (SDG 2). *** Connected to Clean Water and Sanitation for All (SDG 6).

A competitive Nordic Region

No.	Indicator	Description
Quality education (SDG 4)		
2.1.1	Level of education attained: college/university education* ^{4.1.2}	The proportion of the population aged 30–34 who have completed post-secondary school education.
2.1.2	People who leave education prematurely	The proportion of the population aged 18–24 who drop out of education.
2.1.3	Adult participation in continuing education* ^{4.3.1}	The proportion of adults aged 25–64 who have participated in continuing education during the past four weeks. Participation in education is a measure of lifelong learning.
Decent work and economic growth (SDG 8)		
2.2.1	Employment rate	The proportion of the population aged 15–64 in employment.
2.2.2	Share of employment in private companies related to the circular economy (and bioeconomy)	The proportion of the total workforce employed in recycling, repair and reuse and rental and leasing.
2.2.3	Annual GDP growth* ^{8.1.1}	The percentage change in GDP p.a. in fixed prices. Fixed prices (instead of current prices) remove the effects of price fluctuations, and the series shows the change in GDP volume.
Industry, innovation, infrastructure (SDG 9)		
2.3.1	Expenditure on research and development as a share of GDP* ^{9.5.1}	Total “in-house expenditure” on research and development as a percentage of GDP. Intramural/“in-house” R&D expenditure consists of all current and fixed expenditure for research and development during a specific period, regardless of the source of the funding.
2.3.2	Number of patent applications in environmental technology	The number of patent applications to EPO in areas classified by the OECD as “Selected environmental-related technologies”.
2.3.3	Digital Economy and Society Index (DESI)	Based on a weighting of 37 measures, DESI looks at countries’ overall digital performance and progress in terms of digital competitiveness.
Sustainable cities and communities (SDG 11)		
2.4.1	Proportion of total passenger transport on buses and trains* ^{11.2.1}	The proportion of all passenger transport on public transport expressed in passenger kilometres (pkm). Public transport refers to buses and trains. Total passenger transport includes cars, buses, and trains.
2.4.2	Exposure to airborne particulate matter pollutants in urban	The annual average concentration of particles smaller than 2.5

	areas*11.6.2	µm in the air in urban areas. Weighted in proportion to population size.
2.4.3	Average proportion of public open spaces in cities in the built environment *11.7.1	No statistics are available for this indicator at the moment.
Freedom of movement		
2.5.1	Intra-Nordic immigration	Migration per 10,000 of the population from one Nordic country to another.
2.5.2	Imports of goods from Nordic countries	The proportion of total imports of goods that come from other Nordic countries.
2.5.3	Nordic region work-related commuting across Nordic national borders	The indicator measures the number of people who commute to work across the borders in the Öresund region – between Denmark and Sweden.

A socially sustainable Nordic Region

No.	Indicator	Description
Good health and well-being (SDG 3)		
3.1.1	Average life expectancy at birth	The anticipated life expectancy at birth.
3.1.2	Self-rated health	The proportion of people who rate their health as good or very good.
3.1.3	Mortality before the age of 75 from diseases that can be prevented and cured	The number of deaths from specific diseases per 100,000 people aged 0–75. The age distribution is standardised to facilitate national comparisons. The diseases included are those deemed curable or preventable.
Gender equality (SDG 5)		
3.2.1	Gender-segregated labour market	Standardised index/the Karmel MacLachlan index (IP). Proportion of the workforce that would need to change jobs in order to achieve an equal share of men and women in their occupations.
3.2.2	Fathers' share of parental leave	Fathers' share of parental leave.
3.2.3	Proportion of women in national parliaments*5.5.1	The proportion of women MPs.
Reduced inequalities (SDG 10) ****		
3.3.1	Gini coefficient	The Gini coefficient is an economic measure of inequality (e.g. income distribution).
3.3.2	Proportion of people living at risk of poverty and social exclusion	A summary measurement based on the following criteria: (1) people below the poverty threshold (60% of national median disposable income after social transfers); (2) severe material poverty; and (3) households with very low labour intensity.
3.3.3	Difference in unemployment/inactivity between those born outside the EU and those born in the country	The difference between the proportion of unemployed or inactive people who were born outside the EU compared with those born in the country concerned.
Peace, justice and strong institutions (SDG 16)		
3.4.1	Social trust	Ten-point scale showing the level of trust people have in other

		people in general. The scale goes from 0 (no trust) to 10 (belief that most people are trustworthy).
3.4.2	Electoral turnout in national parliaments	The proportion of the electorate that casts a vote (valid, blank and invalid votes).
3.4.3	Proportion of the population who experience problems with crime, violence, and vandalism*16.2.1	The proportion of the population who report experiencing problems with crime, violence or vandalism in their local area.
Strong cultural scene		
3.5.1	Imports of culture-related goods from Nordic countries	The proportion of culture-related goods imported from other Nordic countries.
3.5.2	Public expenditure on culture as a share of GDP	The share of public spending (by national, regional and local government) allocated to culture.
3.5.3	Household cultural expenditure, index (2015 = 100)	Household expenditure on recreation and culture in fixed prices compared with 2015. The spending is seen as an approximation of participation levels in cultural activities.

**** Linked to No Poverty (SDG 1).

Fylgiskjal 2 – Viðmiðunarmörk

A green Nordic Region

No.	Indicator	Step	Upper boundary	Lower boundary	Method used to set the boundaries
Climate action (SDG 13)					
1.1.1	Emission of greenhouse gasses	1	61% reduction compared to 1990-levels	Emission volume as in 1990	Upper boundary: Weighted average of the Nordic countries national 2030-targets. Lower boundary: Emission as in the reference year used in the Paris Agreement.
1.1.2	Emission of consumption-based GHGs	2	37.485 thousand tonnes	96.114 thousand tonnes	Upper boundary: 61% reduction of 2011 level (historical maximum since 2010). Lower boundary: Historical maximum since 2010.
1.1.3	Expanse of the Arctic ice coverage	3	16,3 mio km ²	0,0	Upper boundary: The upper bound is set as the historical maximum in since 1979 with respect to the levels measured in marts. The upper boundary is therefore not an average between marts and september*. Lower boundary: Technical Minimum.
Sustainable Energy (SDG 7)					
1.2.1	Renewable energy share of the gross energy use	1	89,4%	3,0%	Upper boundary: Weighted national Nordic targets. Lower boundary: As defined in the SDR-report.
1.2.2	Energy use in relation to GDP	2	74,5	110,4	Upper boundary: EU-defined target - Reduction in energy usage of 32,5 pct. Lower boundary: 2018-levels as this is reference point from the reduction.
1.2.3	Emission intensity of greenhouse gases from energy use	2	0,0	117,4	Upper boundary: SDR-report, using a Technical optimum Index (2000 = 100). Lower boundary: Historical maximum value Index (2000 = 100).
Sustainable consumption and production (SDG 12)					
1.3.1	Material footprint per inhabitant	4	14,54	47,07	Upper boundary: Weighted average of the 3 OECD-countries with the lowest footprint, forecasted to 2030. Lower boundary: Weighted average of the 3 OECD-countries with the highest footprint, forecasted to 2030.
1.3.2	Degree of recycling of municipal waste	2	60%	0%	Upper boundary: EU-defined target. Lower boundary: Technical minimum.
1.3.3	Number of registered ecolabelling licenses	4	3.288	0	Upper boundary: A continued historical growth. I.e. the 2019 number of licenses has been forecasted to the number that would result in 2030 assuming the same avg. Yearly growth rate. Lower boundary: Technical minimum.

Life on land (SDG 15)					
1.4.1	Proportion of protected land areas (in relation to the country's total area)	2	30%	0%	Upper boundary: EU-defined target, as no national targets have been found. Lower boundary: Technical minimum.
1.4.2	Proportion of organic agricultural land	2	25%	0%	Upper boundary: EU-defined target, as no national targets have been found. Lower boundary: Technical minimum.
1.4.3	Common birds in agricultural landscapes	2/3	100	0	Upper boundary: Index of 100 (2000 as historical maximum). Lower boundary: Technical minimum.
Life in the ocean (SDG 14)					
1.5.1	Protected marine area (total area)	2	30% (corresponding to an area of 108 272 km ²)	0%	Upper boundary: EU-defined target, as no national targets have been found. Lower boundary: Technical minimum.
1.5.2	Eutrophication of the Baltic Sea	3	813 925 ton per year	1 124 725 ton per year	Upper boundary: Max. allowable input, MAI (of N and P) to the area per year, defined by HELCOM. Lower boundary: Historical max. Discharge (of N and P both).
1.5.3	Northeast Atlantic Catches, by fish species	3	21.359	0	Upper boundary: Historical Maximum. Lower boundary: Technical minimum.

* https://www.eea.europa.eu/data-and-maps/daviz/arctic-sea-ice-extent-6#tab-chart_1

A competitive Nordic Region

No.	Indicator	Step	Upper boundary	Lower boundary	Method used to set the boundaries
Good education for all (SDG 4)					
2.1.1	Level of education attained: college / university education	4	59,8%	0%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Technical minimum
2.1.2	People who leave education prematurely	4	0,6%	11,6%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Historical Maximum
2.1.3	Adult participation in continuing education	4	34,6%	0%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Technical minimum
Decent work and sustainable economic growth (SDG 8)					
2.2.1	Degree of employment	2	80,4%	57,4%	Upper boundary: The weighted average for the top 3 performing OECD countries, forecasted to 2030 Lower boundary: The weighted average for the lowest 3 performing OECD countries, forecasted to 2030
2.2.2	Proportion of employment in private companies related to the circular economy	4	2,9%	0,0%	Upper boundary: Weighted average of the top 3 EU performing countries, forecasted to 2030 Lower boundary: Technical minimum
2.2.3	Annual GDP growth	2	5,1%	0,4%	Upper boundary: The weighted average for the top 3 performing OECD countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Historical minimum for the Nordic region in the period 2000-2017.
Sustainable industry, innovation, and infrastructure (SDG 9)					
2.3.1	Expenditure on research and development as a share of GDP	2	3,7%	0,0%	Upper boundary: Best performing OECD countries Lower boundary: Technical Minimum
2.3.2	Number of patent applications in environmental-related technology	4	5,43 per 100 000 inhabitants	0 per 100 000 inhabitants	Upper boundary: Weighted share of environmental patent applications per country GDP, from the top 3 performing OECD countries, multiplied by the sum of the Nordic countries GDP and then lastly scaled to patents pr. 100.000 inhabitants in the Nordic region Lower boundary: Technical minimum

2.3.3	Digital Economy and Society Index (DESI)	4	100	0	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Technical minimum
Sustainable cities and societies (SDG 11)					
2.4.1	Percentage of passenger transport in buses and trains of total passenger transport	4	29,0	0,0	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Technical minimum
2.4.2	Exposure to air pollutants with particles in urban areas	2	6,3	87,0	Upper boundary: SDR-report Lower boundary: SDR-report
2.4.3	Average share of open publicly available spaces in the built environment	3	15m ² /indb.	0 m ² /indb	Upper boundary: Target defined by the WHO-case study report Lower boundary: Technical minimum
Free Mobility					
2.5.1	Intra-nordic immigration	4	21,3 per 10 000 inhabitants	0 per 10 000 inhabitants	Upper boundary: Historical maximum Lower boundary: Technical minimum
2.5.2	Import of goods from Nordic countries	4	23,7%	0,0%	Upper boundary: Historical maximum value Lower boundary: Technical minimum
2.5.3	Nordic region work-related commuting across Nordic national borders	4	20.050	0	Upper boundary: Historical maximum value Lower boundary: Technical minimum

A socially sustainable Nordic Region

No.	Indicator	Step	Upper boundary	Lower boundary	Method used to set the boundaries
Good health and well-being (SDG 3)					
3.1.1	Life expectancy at birth	2	83	54	Upper boundary: SDR-report Lower boundary: SDR-report
3.1.2	Self-rated health	4	80,6%	52,6%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: The weighted average for the worst 3 performing OECD countries, forecasted to 2030
3.1.3	Mortality before the age of 75, in diseases that can be prevented and cured	4	137,5	400,9	Upper boundary: Weighted average of national targets from Denmark and Sweden, forecasted to 2030 Lower boundary: Weighted average of the three lowest performing EU countries, forecasted to 2030
Gender equality (SDG 5)					
3.2.1	Gender-segregated labor market	4	13,2	20,2	Upper boundary: The weighted average for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030 Lower boundary: The weighted average for the lowest 3 performing EU countries, forecasted to 2030
3.2.2	Fathers' share of parental leave	4	50%	0%	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Technical minimum
3.2.3	Share of women in national parliament	4	50%	0%	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Technical minimum
Reduced inequalities (SDG 10)					
3.3.1	Gini coefficient	2	0,275	0,63	Upper boundary: SDR-report Lower boundary: SDR-report
3.3.2	Proportion of people living at risk of poverty and social exclusion	2/4	0%	100%	Upper boundary: Technical Maximum Lower boundary: Technical Minimum
3.3.3	Difference in unemployment / inactivity between those born outside the EU and those born at home	4	0,0%	18,2%	Upper boundary: Technical minimum Lower boundary: Historical maximum
Peaceful and inclusive societies (SDG 16)					

3.4.1	Social trust	4	6,9	4,2	Upper boundary: Historical Maximum Lower boundary: Weighted average of the three lowest performing EU countries, forecasted to 2030
3.4.2	Electoral turnout in national parliaments	4	90,8%	46,2%	Upper boundary: Weighted average of the 3 best performing OECD countries Lower boundary: Weighted average of the 3 poorest performing OECD countries
3.4.3	Share of population who report problems with crime, violence or vandalism	4	0,0%	17,3%	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Weighted average of the three lowest performing EU countries, forecasted to 2030
Strong culture					
3.5.1	Import of culture-related goods from Nordic countries	4	31,7%	0,0%	Upper boundary: Historical maximum Lower boundary: Technical minimum
3.5.2	Public expenditure on culture as share of GDP	4	1,6%	0,0	Upper boundary: Historical maximum Lower boundary: Technical minimum
3.5.3	Household expenditure on culture	4	124,8	0,0	Upper boundary: Historical Maximum (Index (2015 = 100)) Lower boundary: Technical minimum (Index (2015 = 100))

Fylgiskjal 3 – Staðan í grunnmælingu og leitni

Í fylgiskjali 3 kemur fram uppfærð staða þróunarvísanna 45 í grunnskýrslunni þar sem litamerkingu sumra þróunarvísa hefur verið breytt frá því sem var í grunnskýrslunni 2021. Ástæða þess er sú að fram hafa komið ný gögn fyrir suma af þeim þróunarvísam sem byggðir voru á framreikningi í grunnskýrslunni.

Leitni þróunarvísanna hefur ekki verið uppfærð með samsvarandi hætti þar sem slík uppfærsla er talin of flókin.

Hér fyrir neðan má sjá stöðu í grunnmælingu og leitni þróunarvísa á áherslusviðunum þremur.

Græn Norðurlönd: Staðan í grunnmælingu og leitni þróunarvísa

Aðgerðir í loftslagsmálum	Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun neyslutengdra gróðurhúsalofttegunda	Útbreiðsla hafiss á Norðurslóðum
Endurnýjanlegir orkugjafar	Endurnýjanleg orka	Orkukræfni	Hlutfall gróðurhúsalofttegunda
Ábyrg neysla og framleiðsla	Efnisspor	Endurnýting heimilissorps	Umhverfismerkingar
Líf á landi	Friðlýst svæði	Lífrænn landbúnaður	Fuglar sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum
Líf í vatni	Friðlýst hafsvæði	Ofauðgun Eystrasalts	Fiskistofnar í Norður-Íshafi og Barentshafi

Litabreytingar á stöðu í grunnmælingu í uppfærðri töflu: 1) Ofauðgun Eystrasalts (rautt → grænt), 2) Fuglar sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum (grænt → gult).

Samkeppnishæf Norðurlönd: Staða í grunnmælingu og leitni þróunarvísa

Góð menntun fyrir alla	Háskólamenntun	Brottfall úr skólum	Fullorðinsfræðsla og endurmenntun
Góð atvinna og hagvöxtur	Atvinnuþátttaka	Störf í hringrásarhagkerfinu	Hagvöxtur
Nýsköpun og uppbygging	Fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs	Einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni	Digital Economy and Society Index (DESI)
Sjálfbærar borgir og samfélög	Almenningssamgöngur	Svifryksmengun í þéttbýli	Opin svæði á þéttbýlissvæðum
			- -
Frjáls för	Fólksflutningar milli Norðurlandanna	Innflutningur milli Norðurlanda	Vinna sem sótt er yfir landamæri

Litabreytingar á stöðu í grunnmælingu í uppfærðri töflu: 1) Hagvöxtur (gult → rautt) , 2) Einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni (gult → grænt), 3) Vinna sem sótt er yfir landamæri (gult → grænt).

Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Staða í grunnmælingu og leitni þróunarvísa

Heilsa og vellíðan	Ævilíkur	Mat á eigin heilsu	Dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna
Jafnrétti kynjanna	Kynjaskiptur vinnumarkaður	Þátttaka feðra í fæðingarorlofi	Hluttur kvenna á þjóðþingum
Aukinn jöfnuður	Efnalegur ójöfnuður	Hætta á fátækt og félagslegri einangrun	Vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES
Friður, réttlæti og traustar stofnanir	Samfélagslegt traust	Kosningaþátttaka	Afbrot, ofbeldi og eignaspjöll
Öflugra menningarstarf	Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum	Opinber útgjöld til menningarmála	Menningarútgjöld heimila

Litabreytingar á stöðu í grunnmælingu í uppfærðri töflu:

Um ritið

NORÐURLÖND – sjálfbært og samþætt svæði?

Áfangaskýrsla vegna vinnunnar við Framtíðarsýn okkar 2030

PolitikNord 2023-727

ISBN 978-92-893-7603-7 PDF

ISBN 978-92-893-7604-4 ONLINE

<http://doi.org/10.6027/politikkord2023-727>

© Norræna ráðherranefndin 2023

Þessi útgáfa var fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni. Hins vegar endurspeglar innihaldið ekki endilega skoðanir, skoðanir, viðhorf eða tilmæli Norrænu ráðherranefndarinnar.

Publiceret: 6.7.2023

Video: Common Ground

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur